14. JÚNÍ 2019 / 24. TBL. 109. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

DV

NÝTT LÍF SÖRU

Glímdi við kvíða og þunglyndi

FRELSISSVIPT AF BARNSFÖÐUR SÍNUM

Emilíana Andrésardóttir gekk í gegnum helvíti

Ákæruvaldið fór aðeins fram á sex mánaða dóm

„Vont að geta ekki verið öruggur um foreldri sitt“

Móðir Eiríku heilabiluð á Hrafnistu

Karítas myndaði hælisleitendur

„Búið að afmennska bennan hóp“

Þú hitar húsbílinn
með fjarstýringu og nýtur
þannig þæginda og öryggis

Þú færð Webasto
húsbílahitarann hjá

BÍLASMIÐURINN HF
Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Síðustu orðin

„Það er fallegt“

– Elizabeth Barrett Browning, enskt skáld, 1806–1861.

Á þessum degi, 14. júní

1690 – Vilhjálmur III Englandskonungur tekst á við forvera sinn, Jakob II í Írlandi.

1730 – Ítalska tónskáldið Antonio Sacchini fæddist.

1746 – Skoski stærðfræðingurinn Colin Maclaurin lést.

1926 – Brasilía yfirgaf Þjóðabandalagið.

1982 – Argentínski herinn í borginni Stanley í Falklandseyjum gefst upp.

Misþyrming Mynd: Void Revelations.

Ný plata frá Misþyrmingu

Ein virkasta sveit íslensks black metal

Nýlega kom út platan Algleymi, önnur breiðskífa black-metal hljómsveitarinnar Misþyrmingar. En hún ku vera á meðal fremstu sveita í nýrri tegund tónlistar, Icelandic Black Metal. Platan fer vel af stað og fellur gagnrýnendum vel í geð. Sem dæmi lenti platan í ellefta sæti á lista Billboard í flokknum World Albums.

Þrjú ár í vinnslu

Platan Algleymi hefur verið nokkuð lengi í vinnslu en upptökur hófust árið 2016. Þegar fyrsta útgáfa var tilbúin í upphafi ársins 2017 var hætt við útgáfu þar sem hljómsveitarmeðlimir voru ekki nógu ánægðir með útkomuna. Eftir tvö og hálft ár til viðbótar er Algleymi nú loksins fáanleg.

Platan var hljóðrituð af forsprakka sveitarinnar, sem kallaður er D.G. Var hún fullunnin til útgáfu í hljóðverinu Orgone Studios í Bretlandi en upptökustjóri var Jamie Gomez Arellano. Um hönnun umslags sá myndlistarmaðurinn Manuel Tinnemans, sem hefur áður unnið með black metal-hljómsveitum. Til dæmis Deathspell Omega frá Frakklandi og Urfaust frá Hollandi.

Misþyrming var stofnuð árið 2014 og ári seinna kom fyrsta platan út, Söngvar elds og óreiðu. Hefur hljómsveitin verið mjög virk síðan í tónleikahaldi og kom meðal annars fram á KEXPort árið 2016, árlegri sumarhátíð Kex Hostels á Skúlagötu.

Hátíð í Mosfellsbæ

Til að fylgja plötunni eftir mun Misþyrming halda tónleikaferðalag um Evrópu frá september næstkomandi. Þá kemur sveitin einnig fram á hátíðinni Ascension í Hlégarði í Mosfellsbæ. Þar munu koma fram þrjátíu hljómsveitir, flestar black metal-sveitir, frá Íslandi og erlendis frá.

Auk Misþyrmingar munu meðal annars koma fram Antaeus frá Frakklandi, Gost frá Bandaríkjunum, Jupiterian frá Brasilíu og Wlvennest frá Belgíu. Hátíðin er haldin 13. til 15. júní.

Algleymi er nú aðgengileg á Spotify, YouTube og fleiri streymisveitum en einnig geisladiskur og vínylútgáfa. Síðar á árinu mun platan koma út á kasettu. ■

> **Þegar fyrsta útgáfa var tilbúin í upphafi ársins 2017 var hætt við útgáfu þar sem hljómsveitarmeðlimir voru ekki nógu ánægðir með útkomuna**

5 áhugaverð söfn

Sumarið í ár virðist ætla að slá flest hitamet og sumarbústaðirnir verða því væntanlega þétt setnir. Höfuðborgarbúar þurfa þó ekki að örvænta því að fjölmörg söfn eru í boði til að heimsækja, fræðast og skemmta sér í. Hér eru 5 áhugaverð söfn í Reykjavík.

Kjarvalsstaðir

Kjarvalsstaðir hafa hýst sýningar íslenskra og erlendra listamanna síðan þeir voru opnaðir árið 1973. En verk Jóhannesar S. Kjarvals hafa ávallt skipað þar sérstakan sess.
Í maí síðastliðnum var sýning á verkum Kjarvals sem nefnist „Gat ekki teiknað bláklukku“ opnuð og mun standa yfir til ársloka.
Á sama tíma var opnuð sýning á verkum Sölva Helgasonar sem nefndist „Blómsturheimar“.
Upplagt er að koma við á Kjarvalsstöðum, nóta listarinnar og útsýnisins en einnig er kaffihúsið þar viðfrægt.

Árbæjarsafn

Árbæjarsafnið gamla er eitt hentugasta safnið fyrir barnafólk. Margar sýningar eru í gangi, þar á meðal leikfangasýningin „Komdu að leika!“ sem er gríðarvinsæl hjá yngstu kynslóðinni. Þá er nóg af leiktækjum á lóðinni, húsdýr og ýmislegt annað um að vera. Sérstaklega vinsælt er þegar starfsfólkið bakar lummur með rúsínum fyrir krakkana.
Önnur vinsæl sýning á Árbæjarsafni er „Neyzlan – Reykjavík á 20. öld“ þar sem skyggnst er inn í neysluvenjur Íslendinga í gegnum tíðina.

Listasafn Einars Jónssonar

Hnitbjörg, heimili Einars Jónssonar, hefur staðið eins og kastali í Þingholtunum lengur en flest önnur hús þar um kring. Nú hýsir það mörg af verkum myndhöggvarans kunna. Eins og flestir vita þá prýða styttur Einars borgina á mörgum stöðum. Má þar nefna styttuna af Ingólfi Arnarsyni við Arnarhól, Jóni Sigurðssyni á Austurvelli og Jónasi Hallgrímssyni í Hljómskálagarðinum.
Hans fegurstu og jafn framt magnþrungnustu verk standa þó flest í garði Listasafnsins. Má þar til dæmis nefna Vernd sem stendur í garðinum miðjum.

Grasagarðurinn

Grasagarðurinn í Laugardalnum er nokkurs konar blanda af lystigarði og lifandi safni undir berum himni. Garðurinn er rekinn af Reykjavíkurborg og á sér meira en hálfrar aldar sögu.
Meginhlutverk garðsins er fræðsla um umhverfið, garðyrkju, garðamenningu og fleira. Um 5000 plöntur eru varðveittar í garðinum í átta safndeildum og tekið er á móti skólahópum allt árið um kring.
Á sólríkum sumardögum er einnig tilvalið að setjast niður í kaffihúsinu Flóru og fá sér hressingu.

Myntsafn Seðlabankans

Myntsafn Seðlabanka Íslands er falinn gimsteinn í safnaflóru Reykjavíkur. Safnið er í höfuðstöðvum bankans við Kalkofnsveg 1. Safnið er ekki stórt en aðgangur er ókeypis og vel þess virði að líta inn.
Í myntsafninu má sjá alla prentaða peninga og slegnar myntir á Íslandi síðan á átjándu öld. Auk þess eru margar orður og verðlaunapeningar þar til sýnis, þar á meðal íslenska fálkaorðan.
Safnið er ekki aðeins fyrir fullorðna því þar má einnig sjá veglegt safn af spari baukum síðustu áratuga. Til dæmis Trölla, Bjössa, Samma og Paddington.

POTTURINN STEFNIR Í

100 MILLJÓNIR

Lottó

LEIKURINN OKKAR

Hver er hann

- Er fæddur 17. janúar árið 1948.
- Var forsætisráðherra Íslands árin 1991 til 2004.
- Var borgarstjóri í Reykjavík árin 1982 til 1991.
- Var seðlabankastjóri árin 2005 til 2009.
- Er ritstjóri Morgunblaðsins.

SVAR: DAVÍÐ ODDSSON.

Það er staðreynd að...

Póstnúmerið á Grundarfirði er 350.

Kopar hefur sætistöluna 29 í lotukerfinu.

Heimilisfang Landlæknisembættisins er Rauðarárstígur 10.

Eistland fékk sjálfstæði árið 1991.

Forsætisráðherra Hollands heitir Mark Rutte.

YFIRHEYRSLAN

Sandra Lárusdóttir, eigandi líkamsmeðferðar- og snyrtistofunnar Heilsa og útlit í Kópavogi, vinnur alla daga við það að láta öðrum líða betur. Sandra er umboðsmaður Weyergans, þýsku undratækjanna hér á landi og innan tíðar á öllum Norðurlöndunum. Föstudaginn 13. júní býður Sandra öllum sem vilja í 5 ára afmæli stofunnar. DV tók Söndru í yfirheyrslu.

Hjúskaparstaða og börn?
Gift og á tvær dætur, Stefaníu Agnesi og Guðnýju.

Fyrsta minningin?
Sitja úti í garði í beisli sem börn voru oft sett í, beislið var svo ég myndi ekki hlaupa frá húsinu. Ég var að undirbúa kaffiboð fyrir mig og mömmu mína.

Skemmtilegast að gera?
Að ganga upp á fjöll.

En leiðinlegast?
Ég hata ekkert meira en að taka bensín.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst krakki?
Mig langaði til þess að verða hjúkrunarfræðingur.

Versta ráð sem þú hefur fengið?
Að smakka gellur, ég kastaði næstum upp yfir eiginmanninn minn á veitingastað.

Hverjir eru mannkostir þínir?
Er mjög áreiðanleg og traust.

En lestir?
Er yfirleitt, ef ekki alltaf, á síðustu stundu.

Fyrsta atvinnan?
Ég bauð nágranna mínum að snyrta garðinn hans fyrir tjald sem mig langaði í.

Safnar þú einhverju?
Mér finnst gaman að pikka upp krónur á götunni og safna þeim.

Mikilvægast í lífinu?
Fjölskyldan mín og hamingja.

Stærsta augnablikið?
Fæðing barna minna.

Ertu með fóbíu fyrir einhverju?
Flugum.

Býrðu yfir einhverjum leyndum hæfileikum?
Ég get talað í símann í marga klukkutíma.

Hvað er það erfiðasta sem þú hefur upplifað?
Að vera misnotuð þegar ég var ung, en það hefur gert mig að manneskjunni sem ég er í dag, sterk og og hugrökk kona.

En mest gefandi?
Að vinna vinnuna mína.

Leiðinlegasta húsverkið?
Að þvo þvott er ekki mitt uppáhaldsverk.

Eitthvað að lokum?
Látum drauma okkar rætast.

Lúsmýið eirir engu

Svarthöfði

Ísland er óðfluga að breytast í einhvers konar suðræna paradís. Hitinn er svo mikill að sjálfsagt verður ekki langt í að pálmatré fari að spretta upp og græneðlur fari að sjást á gangstéttum. Landsmenn flykkjast út á land í sumarbústaði og í dagsferðir. En þá skellur ógæfan á. Lúsmýið gerir vart við sig.

Lúsmý er versta pest sem komið hefur til landsins. Engar reglugerðir eða tilmæli yfirdýralæknis gátu stöðvað komu þess fyrir nokkrum árum síðan. Ekki frekar en landnám spánarsnigilsins voðalega. Lúsmýið leggur undir sig heilu hreppana. Sem dæmi þá hefur Borgarfjörðurinn orðið að no-go svæði út af vargnum. Hækkandi hitastig er eina skýringin.

Lúsmýið eirir engu, hvorki poppstjörnum né öðrum. Tónlistarmaðurinn Bubbi Morthens varð fyrir árás, líka fjölmiðlakonan Hildur Helga Sigurðardóttir. Hinn geðþekki Kalli Tomm, trymbill Gildrunnar, lenti hvað verst í lúsmýinu. Hann var sundurbitinn, bólginn og átti erfitt með svefn út af árás við heimili sitt við Meðalfellsvatn.

Við Íslendingar þekkjum ekki að búa í nálægð við árásargjörn skorkvikindi. Ekki frekar en við þekkjum stríð, fellibylji eða að geta keypt bauk af bjór í stórverslun. Okkar innfæddu pöddur, þessar örfáu hræður sem búa hér, eru svo miklir aumingjar að þær geta varla angrað nokkurn mann. Það er helst bitmýið á Mývatni sem getur gert óskunda. En þá aðeins gegn aðkomufólki og túristum.

Erlendis þekkjast skordýr og áttfætlur sem eru langtum voveiflegri en lúsmýið sem Íslendingar emja nú undan. Kóngulær með banvænu eitri, ormar sem sýkja garnir, lifrur sem geta valdið andnauð, lýs sem geta valdið taugaskemmdum og býflugur

sem geta drepið fólk með samhæfðum stungum. Listinn er endalaus. Í Afríku býr til dæmis kónguló sem staðdeyfir spendýr á nóttunni og étur síðan bita af kjöti á meðan fórnarlambið sefur rótt. Fólk hefur vaknað þar kinnalaust.

Til eru þeir sem fagna eilífu sumri. Fagna hröðum loftslagsbreytingum af mannavöldum og segja: Skítt með heiminn, við fáum betra veður! En Svarthöfði er ekki einn af þeim. Svarthöfði kann betur við sig í hefðbundnu íslensku sumri. Hálfskýjað, rigning hálfan daginn, hvasst hinn. Smá sólarglæta rétt á meðan grillað er og kalt á nóttunni. Þá sjást í mesta lagi ein og ein húsfluga á stangli og nokkrir ánamaðkar á stéttinni. ■

HÚSASMIÐJAN

blómaval

Nýtt blað komið út
Sjá husa.is

HITABYLGJA
Í HÚSASMIÐJUNNI & BLÓMAVALI

20-30%
afsláttur

Sumarblóm **-20-30%** • Pallaolía **-20%** • Black+Decker garðverkfæri **-20%**
Tré og runnar **-20%** • Texas sláttuvélar **-25%** • Reiðhjól **-20%**
Fiskars garðverkfæri **-20%** • Nilfisk háþrýstidælur **-20-30%**
LADY innimálning **-25%** • Claber slöngur og garðvörur **-25-30%**
Avasco hillurekkar **-20%** • ALKO sláttuvélar **-20%** • Jumbo tröppur og stigar **-20%**
TAX FREE af öllu pallaefni ... auk hundruð annarra sumartilboða

Birt með fyrirvara um innslátt- og prentvillur. Afsláttur gildir ekki af tilboðsvörum.

„Þegar maður finnur líka hvernig óhollur matur ýtir undir vanlíðan og kvíða þá á maður ekki erfitt með að sleppa honum.“

MYND: HANNA/DV

„Ég var orðin virkilega þunglynd og lömuð af kvíða“

Sara gekk út úr ástlausu sambandi og endurheimti heilsuna

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@dv.is

Sara Hlín Hilmarsdóttir er tuttugu og níu ára gömul einstæð móðir sem býr í Hveragerði ásamt sex ára gömlum syni sínum. Sara hefur alla sína tíð verið of þung og hefur hún margsinnis reynt að ná tökum á þyngd sinni án árangurs. Það var ekki fyrr en Sara tók andlegu líðan sína í gegn sem hún fór að sjá líkamlegan árangur til lengri tíma.

„Ég hef alltaf verið hið klassíska jójó. Tek mig á og missi tíu kíló bara til þess að missa tökin og bæta á mig fimmtán kílóum. Ýmis áföll og erfiðleikar voru þess valdandi að ég var greind með mikla áfallastreitu, kvíða og þunglyndi,“ segir Sara í viðtali við DV.

Föst í ástlausu sambandi

Sonur Söru var mikið kveisubarn og upplifði hún alvarlegt fæðingarþunglyndi sem hún leitaði sér aðstoðar við árið 2015.

„Ég tók þá mataræðið í gegn með mjög góðum árangri en árið 2016 missti ég vinnuna og fór það mjög illa með andlegu hliðina að vera föst heima atvinnulaus. Ofan á það var ég í algjörlega ástlausu sambandi sem gerði mig ofboðslega veika andlega. Ég sat því bara heima á daginn í tölvunni og borðaði nammi og skyndibita. Ég var virkilega þunglynd og lömuð af kvíða.“

Í byrjun árs 2017 ákvað Sara að slíta sambandi sínu og flytja út frá þáverandi maka sínum. Átti sú ákvörðun eftir að breyta lífi hennar meira en hana grunaði.

„Þá fór loksins eitthvað af gerast. Ég var rosalega brotin og þreytt eftir sex ára samband og ég þurfti í raun að byrja á því að hreinlega átta mig á því hver ég væri og hvað ég vildi. Fljótlega fór mér að líða betur og hætti að borða tilfinningar mínar sem varð til þess að ég fór að léttast. Síðan fékk ég vinnu hjá H&M þar sem ég var allt í einu farin að hlaupa allan daginn, þá léttist ég enn þá meira og undir lok árs 2017 var ég komin á það góðan stað andlega að ég gat hætt ▶

GIMLI
FASTEIGNASALA

NÆSTI KAFLI HEFST HJÁ OKKUR

LANGHOLTSVEGUR 19, 104 REYKJAVÍK
42.900.000 kr.

Tegund	Fjölbýli
Stærð	97 M²
Herbergi	4

SÆVIÐARSUND 29, 104 REYKJAVÍK
43.900.000 kr.

Tegund	Fjölbýlishús
Stærð	86 M²
Herbergi	3

LÆKJARSMÁRI 4, 201 KÓPAVOGUR
55.900.000 kr.

Tegund	Fjölbýlishús
Stærð	109 M²
Herbergi	4

Grensásvegi 13 / 108 Reykjavík / S. 570 4800 www.gimli.is BJÓÐUM UPPÁ FRÍTT SÖLUVERÐMAT

KRÍA

HJÓLANDI Í 10 ÁR

SKEIFAN 11B // KRIAHJOL.IS

MYND: HANNA/DV

Sara var lömuð af þynglyndi og kvíða.

Góð andleg heilsa breytti lífi Söru. / Mynd: Aðsend

á þunglyndislyfjum sem ég hafði verið á frá árinu 2013."

Boltinn fór að rúlla þegar hún fann hamingjuna

Sara starfar í dag sem deildarstjóri hjá H&M ásamt því að stunda nám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun í fjarnámi frá Háskólanum á Bifröst.

„Það er smá bilun að vera einstæð móðir í fullri vinnu í stjórnendastöðu og í fullu háskólanámi en sem betur fer finnst mér skemmtilegt að hafa nóg fyrir stafni," segir Sara og hlær. Segist Sara ekki trúa á neina öfga-, skyndi- eða töfralausnir þegar kemur að lífsstílsbreytingu og viðurkennir hún að upphaflega hafi hún ekki einu sinni tekið meðvitaða ákvörðun um það að léttast.

„Boltinn fór bara að rúlla þegar ég fann hamingjuna. Frá árinu 2017 hef ég vissulega tekið tímabil þar sem ég var rosalega dugleg að mæta í ræktina og tók mig á í mataræðinu sem skilaði mér árangri en ég hef aðallega fókusað á það að borða mat sem lætur mér líða vel. Ég borða yfirhöfuð nokkuð hollt af því að mér líður andlega og líkamlega betur þegar ég vel hollari kosti. En stundum langar mig líka í eitthvað óhollt og ég er ekki að banna sjálfri mér neitt. Stundum þarf maður bara smá súkkulaði fyrir sálina. Ég hefði eflaust getað náð þessum árangri á styttri tíma með því að sleppa öllu súkkulaði og mæta oftar í ræktina en ég er ekki í neinu spretthlaupi."

Slétt sama um hvað öðrum finnst

Í dag er Sara búin að finna hamingjuna og upplifir hún mikið stolt og þakklæti fyrir heilsu sína, son sinn, starfið og námið.

„Ég á enn langt í land með það að líta út eins og mig langar að gera á endanum. Ég er með slappan maga og slit en ég vel bumbuna allan daginn fram yfir það að vera uppfull af kvíða og þunglyndi sem ég er blessunarlega laus við í dag. Ég er virkilega sátt við útlit mitt í dag og ég keypti mér meira að segja mitt fyrsta bikiní um daginn. Það var mikill sigur fyrir mig að fara í sund í bikiníi og ég hélt að það yrði hrikalega erfitt og vandræðalegt en svo var það bara ekkert mál og ég naut mín í botn. Svo var líka gífurlega mikill persónulegur sigur fyrir mig að ganga upp á Helgafell um daginn en mig hefur alltaf langað til þess að geta gengið upp á fjöll en hef ekki getað það áður sökum þyngdar. Núna er ég að vinna í því að ganga upp fjöll og fell í kringum höfuðborgarsvæðið og markmið mitt er að ganga upp á Esjuna í sumar. Þetta er eitthvað sem mér finnst alveg ótrúlega skemmtilegt og ég hélt ég myndi aldrei geta gert."

Þrátt fyrir að hafa ekki tekið meðvitaða ákvörðun um að létta sig segir Sara að þegar árangurinn fór að koma í ljós hafi hún orðið meðvitaðri um mataræði sitt og hreyfingu.

„Þegar maður finnur líka hvernig óhollur matur ýtir undir vanlíðan og kvíða þá á maður ekki erfitt með að sleppa honum. Mitt mottó er það að allt sé gott í hófi og þarf fólk fyrst og fremst að finna út hvað virkar fyrir sig þar sem við erum jafn ólík og við erum mörg. Það er mikilvægt að gera það sem gerir okkur hamingjusöm og lætur okkur líða vel. Mér finnst virkilega gaman að bera saman myndir af mér og þá sérstaklega þessa þar sem ég er í sama jakkanum. Á fyrri myndinni má sjá stelpu sem er svo brotin og hrædd, lömuð af kvíða og þunglyndi. Stelpu sem þorði ekki að láta sjást í tennurnar þegar hún brosti. En á seinni myndinni er hins vegar sterk, metnaðarfull, sjálfstæð og hamingjusöm stelpa sem þorir að vera hún sjálf. Er sátt með lífið og brosir hringinn, slétt sama um hvað öllum öðrum finnst." ■

Stundum þarf maður bara smá súkkulaði fyrir sálina



KLASSÍSK ÍSLENSK DÖMU ÚR

101 ART DECO

JS Watch co.
REYKJAVIK
www.jswatch.com

GILBERT
ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100

Infrared saunur verð frá 180.000 kr.
Viðarkyntir pottar verð frá 200.000 kr.

Sjáðu úrvalið á goddi.is

- ***Sauna- og gistitunnur***
- ***Hitaveitupottar verð frá 390.000 kr.***
- ***Nokkrar tegundir af skeljum verð frá 155.000 kr.***
- ***Tvær tegundir af rafmagnspottum 200x200 sm. á 620.000 kr. m/loki og tröppu***

Eigum fjórar stærðir af lokum á lager í gráum og brúnum litum

Verð frá 58.500 kr.

GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550

SEGIR MÓÐUR SÍNA VANRÆKTA Á HRAFNISTU

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is

„Ég hugsa að ég myndi frekar vilja deyja í svefni heldur en þurfa að dvelja öldruð við þessar aðstæður. Það er vont að geta ekki verið öruggur um foreldri sitt," segir Eiríka G. Guðjónsdóttir í samtali við DV en hún gagnrýnir harðlega manneklu og fjársvelti á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu á Nesvöllum.

Ein og afskipt

Aðstæður á Hrafnistu á Nesvöllum voru til umfjöllunar nýlega en á dögunum greindi DV frá andláti 68 ára gamallar konu sem þar var búsett. Konan lést í október síðastliðnum, ein og afskipt í herbergi sínu og var endurlífgun ekki reynd þegar komið var að henni. Dætur konunnar þrjár telja að andlát hennar hafi komið til vegna vanrækslu starfsfólks á umönnun hennar og segjast ítrekað hafa kvartað yfir umönnun móður þeirra.

Konan hafði verið ein inni á herbergi með mat, þó svo að skýr fyrirmæli væru til staðar um að hún ætti að borða undir eftirliti. Þá var hún ekki með bjöllu til að láta vita af sér, þótt það sé skýrt að vistmenn eigi að vera með hana. Niðurstaða Landlæknis var sú að eftirliti með konunni hafi verið verulega ábótavant og ekki í samræmi við þarfir hennar.

„Hún þarf bara að bíða"

Eiríka skrifaði hugleiðingu á Facebook á dögunum og lýsti því sem við blasti þegar hún heimsótti móður sína á deildina. Þegar Eiríka gekk inn á deildina var aðeins einn starfsmaður að störfum. Þegar Eiríka grennslaðist fyrir um málið var henni tjáð að fimm starfsmenn hefðu hringt sig inn veika um morguninn.

„Ég varð sorgmædd í hjarta mínu að aðeins einn starfsmaður væri að sinna heilli deild og jafnframt var ég líka reið. Ég spurði starfsstúlkuna: „Ef að það þarf að skipta á mömmu, hvað þá?"

> **Ég er svo sár og reið fyrir hönd þessara einstaklinga**

Svarið sem Eiríka fékk var að þá yrði að kalla á hjálp frá annarri deild og bíða eftir að einhver kæmi. Var henni sagt að móðir hennar „þyrfti bara að bíða".

Eiríka er búsett erlendis en heimsækir móður sína í hvert sinn sem hún kemur til Íslands. Hún segir að það sama hafi verið upp á teningnum þegar hún heimsótti móður sína í janúar síðastliðnum. Þá hringdu sex starfsmenn sig inn veika.

„Það er mjög erfitt að horfa upp á foreldri sem greinist með heilabilun og hvað þá að fá ekki góða umönnun þar sem að viðkomandi er orðinn aldraður. Allir einstaklingar eiga rétt á að það sé komið fram við þá sem einstaklinga en ekki einsleitan hóp."

„Ég velti því fyrir mér hvort það sé virkilega hægt að leggja það á einn starfsmann að hugsa um heila deild, með einstaklingum sem þurfa fulla umönnun," segir Eiríka jafnframt og spyr:

„Finnst yfirmönnum Nesvalla Hrafnistu þetta ásættanlegt? Er í lagi að koma svona fram við íbúa Hrafnistu? Ég er svo sár og reið fyrir hönd þessara einstaklinga sem búa á þessari deild en þetta er þeirra heimili en ekki stofnun. Ég tel að hér sé um alvarlega vanrækslu að ræða sem er algerlega óásættanleg."

Aldrei fleiri en þrír á vakt

Móðir Eiríku var greind með heilabilun árið 2008 og er bundin við hjólastól. Hún hefur dvalið á Hrafnistu á Nesvöllum í tæp fjögur ár. Alls búa 10 einstaklingar á deildinni. Af þeim eru fimm í hjólastól og fjórir þurfa fulla umönnun.

Heimilisfólkið þarf mismikla hjálp við daglegar athafnir en móðir Eiríku er ein af þeim sem reiðir sig algjörlega á aðstoð annarra. „Hún þarf 100 prósent þjónustu við allt, eins og að borða og baðast. Það þarf tvær manneskjur til að hjálpa henni upp úr stólnum og leggja hana í rúm."

Í samtali við DV segist Eiríka aldrei hafa séð fleiri en tvo til þrjá starfsmenn á sömu vakt. Fullmönnuð vakt telst vera fimm starfsmenn. Móðir hennar þarf því langoftast að bíða eftir aðstoð. „Systir mín hefur til dæmis þurft að skipta um á blautu rúmi hjá mömmu. Í eitt skipti var mamma í fötum af annarri konu þó svo að öll fötin hennar séu merkt."

Faðir Eiríku kemur í heimsókn á deildina tvisvar á dag og sömuleiðis eiginmaður annarrar konu sem þar dvelur.

„Þeir eru þá að hjálpa til, eins og við að leggja á borð og svona og pabbi sér um að mata mömmu. Þeir eru í raun bara eins og starfsmenn þarna. Pabba finnst gaman að geta hjálpað til, en þetta á auðvitað ekki að vera svona. En það er ekki annað í boði."

Eiríka tekur fram að gagnrýnin beinist ekki að starfsfólki Hrafnistu, heldur þeim sem sitja við stjórnvölinn. Hún tekur heilshugar undir þær gagnrýnisraddir sem heyrst hafa í kjölfar andlátsins í október síðastliðnum. „Það er ekki hægt að leggja það á starfsfólkið að vinna undir þessum aðstæðum." ■

SYSTEMS One
www.one.is · one@one.is
sími: 660 8551 · fax: 588 1057

Vilt þú koma skjalamálunum í lag?

SYSTEMS OneRecords
Mála- og skjalakerfi

OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma.

Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

SYSTEMS OnePortal Self-Service

OnePortal er vefgátt sem gerir fyrirtækjum og sveitarfélögum kleift að veita íbúum þjónustu allan sólahringinn, allt árið um kring. Rafrænir innri ferlar eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa eða viðskiptavini, þar sem þeir geta afgreitt sig sjálfa á sjálfvirkan máta með innsendingu umsókna og erinda á vef.

SYSTEMS OneQuality

Gæðastjórnun á stóran þátt í góðum árangri fyrirtækja. OneQuality er lausn sem auðveldar allt vinnferli við útgáfu og utanumhald gæðahand- bókar og skjala.

MoReq2

Þróunarstefna OneSystems styður Moreq2, kröfur evrópulanda um gagnsæi, rekjaleika og öryggi.

VELJUM ÍSLENSKT - VELJUM ÍSLENSKT - VELJUM ÍSLENSKT

Hagkvæmar lausnir
með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.

OneSystems bjóða heildarlausn
í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga
og þjónustu við viðskiptavini og íbúa þeirra

SYSTEMS One®
www.one.is

OneSystems - sími: 660 8551 | fax: 588 1057 | www.one.is | one@one.is

GÓÐ ÞJÓNUS

ER RAFGEYMIRINN DAUÐUR?

NOCO
GENIUS BOOST+ GB40 STARTTÆKI

INTERFLON
ÚRVAL AF EFNAVÖRUM,
NÝJAR UMBÚÐIR SÖMU GÆÐA EFNIN

KÍKTU Á KEMI.IS OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ

STA Í 25 ÁR

ÖRYGGISVÖRUR

Heyrnahlífar, öryggisgleraugu, rykgrímur og andlitshlífar

OLÍUVÖRUR

Smurolía, glussi, koparfeiti, gírolía og sjálfskiptivökvi

SVO ALLT GANGI SMURT

kemi

Tunguhálsi 10 • www.kemi.is



„Andlega ofbeldið byrjaði um leið og þróaðist hratt“

„Ég var borin út nakin, blóðug og útötuð í áfengi“

Emilíana var frelsissvipt af barnsföður sínum

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is

Síðasta sumar var Emilíönu Bened Andrésardóttur haldið fanginni á heimili sínu á Akureyri og hún beitt hrottalegu ofbeldi í rúmlega þrjár klukkustundir. Gerandinn var barnsfaðir hennar. Að lokum tók það lögreglu tæpa klukkustund að fjarlægja manninn úr íbúðinni en alvarleiki brotanna var slíkur að farið var fram á nálgunarbann. Ákæra á hendur manninum var þingfest í Héraðsdómi Norðurlands eystra síðastliðinn þriðjudag en þrátt fyrir játningu og fjölda sönnunargagna hefur ákæruvaldið einungis farið fram á sex mánaða fangelsisdóm. Emilíana segir andlegt og líkamlegt ofbeldi af hálfu barnsföðurins hafa staðið yfir í fjögur ár, og í mörg skipti hafi kornung dóttir þeirra verið viðstödd.

„Ég var sannfærð um að ég myndi deyja“

„Við byrjuðum saman í febrúar 2015. Sambandið þróaðist strax hratt og fór út í öfgar. Andlega ofbeldið byrjaði um leið og þróaðist hratt. Líkamlega ofbeldið byrjaði ekki fyrr en rúmlega tíu mánuðum seinna. Það sitja mörg dæmi í mér, þau eru óteljandi,“ segir Emilíana.

Hún rifjar upp atvik sem átti sér stað þegar hún var ófrísk að dóttur þeirra.

„Þá braut hann allt inni í íbúðinni minni, þar á meðal persónulega hluti sem voru mér mjög kærir. Hann mölbraut til dæmis bakarofninn. Lögreglan mætti á staðinn en þá var hann búinn að hlaupa út. Ég var spurð að því hvort hann hefði lagt hendur á mig. Ég sagði að hann hefði hrint mér og ég dottið á skápahurð.“

Hún segir mörg tilfelli hafa verið svo alvarleg að hún hafi verið sannfærð um að hún myndi deyja. Oft hafi barnsfaðir hennar beitt hana ofbeldi fyrir framan dóttur þeirra eða á meðan hún hélt á barninu í fanginu.

„Í eitt skipti reyndi ég að hlaupa með hana út um nóttina. Hann reif mig upp á hárinu við útidyrnar og negldi hausnum á mér aftur og aftur í vegginn þannig dóttir okkar hristist og hristist og við vorum báðar skælandi. Það blæddi úr hausnum á mér. Dóttir okkar var þarna fimm mánaða og rétt byrjuð að halda haus. Hún hefði auðveldlega getað dáið.“

Hún segist hafa reynt af fremsta megni að fela ofbeldið á þessum tíma. Eins og svo margir þolendur upplifði hún skömm yfir aðstæðum sínum.

„Hann lofaði líka alltaf öllu fögru eftir á. Lögreglan var oft kölluð til á heimili okkar eða á heimili foreldra hans. Þannig að það eru til skýrslur. Ég kærði hann samt aldrei. Um leið og lögreglan mætti þá annaðhvort opnaði ég ekki fyrir þeim eða ég reyndi að fegra hann og segja að það væri allt í góðu.“

Hún rifjar upp annað skipti þegar barnsfaðir hennar braut á henni fingur. „Ástæðan fyrir því var sú að ég gat ekki hætt að skæla eftir að hann hafði legið ofan á mér og tekið mig hálstaki þannig að ég missti andann.“

Emelíana segist jafnframt hafa undir höndum ljósmyndir sem sýna áverka sem hún hefur hlotið af hálfu barnsföðurins og í sumum tilvikum hafi verið vitni að ofbeldinu.

Hún bendir á að ofbeldismenn séu oftar en ekki snillingar í að „manipulera“ aðstæður og sía út hentug fórnarlömb.

„Sem þeir fá síðan til að treysta og trúa á sig. Brjóta þau svo hægt niður þangað til þeur geta byrjað að beita alvöru ofbeldi. Siðblinda heitir það.“

Marin, blóðug og útötuð í áfengi

Alvarlegasta tilfellið átt sér stað síðasta sumar.

„Þá hélt hann mér inni í íbúðinni gegn vilja mínum í tæpa þrjá

nettoline

Glæsilegar danskar innréttingar í öll herbergi heimilisins

Friform
Fríform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562–1500
Friform.is
Mán.–Fös. 09–17

Hann lofaði líka alltaf öllu fögru eftir á

klukkutíma. Hann beitti mig ofbeldi og gerði viðbjóðslega hluti. Á einum tímapunkti hélt hann hníf upp að hálsinum á mér og sjálfum sér. Í einhverri geðveiki skildi hann óvart eftir símann minn á borðinu. Ég náði að laumast í símann og senda vinkonum mínum sms þar sem ég bað þær um að hringja á lögregluna."

Hún segir lögregluna hafa mætt á staðinn á örskotsstundu. Emilíana var í kjölfarið borin út af heimilinu og vafin í handklæði þar sem hún var nakin. Var hún að eigin sögn í áfalli, verkjuð um allan líkama, marin og blóðug. Þá var hár hennar og líkami útataður í áfengi sem hellt hafði verið yfir hana á meðan hún lá á gólfinu. Blóð var á víð og dreif í íbúðinni.

„Lögreglukona bar mig út í handklæðinu á meðan hinir hlupu inn á móti honum. Þeir voru í klukkutíma að handtaka hann inni á heimilinu vegna þess hann vildi ekki sleppa hnífnum."

Emilíana var í kjölfarið flutt á bráðamóttöku. Barnsfaðir hennar var fluttur í fangageymlsu og sleppt eftir sólarhring í haldi. Vegna alvarleika árásarinnar fór lögreglan fram á nálgunarbann á hendur honum en það féll úr gildi í nóvember síðastliðnum.

Barnsfaðir hennar var síðar kærður fyrir frelsissviptingu, líkamsárás og fleiri brot en ákæran var alls í sjö liðum. Fyrirtaka í málinu fór fram í Héraðsdómi Norðurlands eystra síðastliðinn þriðjudag og þar játaði barnsfaðir Emilíönu á sig sök samkvæmt öllum liðum ákærunnar.

Hún segist ekki eiga von á öðru en að barnsfaðir hennar verði sakfelldur, enda liggur fyrir játning í málinu, auk sönnunargagna. Hún hefur fengið þær upplýsingar að ákæruvaldið fari einungis fram á sex mánaða fangelsisdóm. Hún segir það „stingandi sárt" að ekki sé farið fram á þyngri refsingu.

„Það er viðbjóðslega lítið miðað við alvarleika málsins, ofbeldið sem hefur staðið yfir síðustu ár. Maðurinn hefur reynt að drepa mig oftar en ég get talið á báðum fingrum," segir hún og bætir við að vitað sé um fleiri stúlkur sem hafi orðið fyrir ofbeldi af hálfu barnsföður hennar.

Á meðal gagna sem lögð eru fram í málinu er myndbandsupptaka þar sem barnsfaðir Emilíönu heyrist meðal annars segja: „Ég er að fara í fjögurra ára fangelsi, missa allt."

Emilíana bendir á að á upptökunni komi greinilega fram að barnsfaðir hennar viðurkenni að hafa brotið á henni og geri sér grein fyrir alvarleika málsins.

Martraðir og svefnleysi

Emilíana segist í dag sitja uppi með sár sem hún viti ekki hvort eða hvenær muni gróa. Fyrstu mánuðina eftir frelsissviptinguna hafi hún glímt við svefnleysi og ótta og fengið stöðugar martraðir. Martröðunum hefur fækkað, en hún fær þær enn.

„Ég get ekki verið ein heima hjá mér. Vinir mínir og fjölskylda hafa skipst á að vera hjá mér svo ég upplifi mig örugga."

Emilíana bætir við að það hafi reynst henni um megn að kljást við minningar af ofbeldinu og leitaði hún þess vegna í áfengi til að deyfa sársaukann.

„Áfengisneysla mín jókst mikið og ég þurfti í fyrsta skipti að fara inn á Vog núna í janúar síðastliðnum. Ég er núna byrjuð í prógrammi fyrir fólk sem hefur orðið fyrir heimilisofbeldi. Það hefur hingað til gengið vel. Ég er þakklát fyrir alla þá aðstoð sem mér hefur boðist. Ég hef líka fengið að kynnast því hvað það er til mikið af góðu fólki þarna úti, sem er í sjálfboðavinnu við að hjálpa öðrum að vinna úr erfiðum áföllum."

Hún ráðleggur öðrum brotaþolum heimilisofbeldis að halda í vonina og þiggja aðstoð og hjálp til að komast úr aðstæðunum.

„Af því að aðstæðurnar verða alltaf verri og verri. Ef einhver er í þessari stöðu, þá eru til athvörf, aðstoð og leiðir til þess að fá hjálp. Það er enginn einn í þessum aðstæðum og það er alltaf einhver sem hægt er að leita til og treysta.

En það er til skammar hversu vægt er tekið á heimilisofbeldi hér á landi. Það er eins og það skipti engu máli þó að einstaklingar brjóti af sér aftur og aftur, þeir fá að ganga um lausir í samfélaginu eins og ekkert sé. Á meðan eru mörg þúsund konur, menn og börn föst í þessum aðstæðum."

Emilíana leggur áherslu á það að hún vilji fyrst og fremst beina athygli fólks að brotalöm kerfisins, sem hún segir algjörlega hafa brugðist.

„Hann er búinn að brjóta af sér, hann er búinn að sýna fram á siðblindu og ljóta hegðun. Kerfið á ekki að gera það með honum eða líta fram hjá því. Kerfið á að standa með mér og öllum þolendum. Og bregðast við þegar brotið er á okkur. Kerfið á að standa með þolendum, af því að hver á annars að gera það? Eiga ofbeldismenn alltaf bara að fá einhvern „götudóm" og svo ekkert meir? Það þarf að viðurkenna betur alvarleika ofbeldis, hvort sem það er heimilisofbeldi, andlegt, líkamlegt eða kynferðisofbeldi. Réttarkerfið okkar á að vernda okkur og passa að við fáum einhverju réttlæti framgengt og að þeir sem brjóti af sér fái viðeigandi refsingu." ■

DV
Suðurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðlun ehf. **Stjórnarformaður:** Sigurður G. Guðjónsson
Framkvæmdastjóri: Karl Garðarsson **Ritstjóri:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir
Fréttastjóri: Kristinn Haukur Guðnason **Prentun:** Landsprent **Dreifing:** Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta aðsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn

Nýtt umferðarmerki

Drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra voru birt á samráðsgátt og er nú umsagnarfrestur liðinn. Engar umsagnir bárust og verður nú unnið úr málinu. Samkvæmt drögunum verður nýju umferðarmerki bætt við í 13. grein sem fjallar um vegvísa. Á umrætt merki að nota til að gefa til kynna að umferð á veg sem merkið er við fari um ferðamannaleið sem tengir saman við áhugaverða áfangastaði sem hafa sögulegt, menningarlegt eða fagurfræðilegt gildi.
Merkið verður rétthyrndur ferhyrningur, 500 millimetrar á breidd og 600 millimetrar á hæð. Á því verður merki viðkomandi ferðamannaleiðar á hvítum grunni og með brúnum ramma.

Sjálfstæðisflokkurinn heldur ESB-dyrunum opnum

Bráðlega fagnar umsókn Íslands að Evrópusambandinu tíu ára afmæli sínu en hún var samþykkt á Alþingi þann 16. júlí árið 2009 en var síðan sett á ís. Árið 2013 komst Sjálfstæðisflokkurinn í ríkisstjórn og hefur verið þar síðan og hefur formaðurinn, **Bjarni Benediktsson**, lýst því yfir að umsóknin verði ekki stöðvuð án þjóðaratkvæðagreiðslu.
Eins og frægt er fór **Gunnar Bragi Sveinsson**, þáverandi utanríkisráðherra Framsóknarflokksins, í erindisleysu árið 2015 til að stöðva umsóknina.
Nú eru þrír flokkar, sem allir eru á móti aðild, að minnsta kosti á pappírunum, að sambandinu við völd og samkvæmt könnunum nýtur umsóknin ekki velvildar þjóðarinnar. Engu að síður kemst málið ekki á dagskrá. Ætla má að forysta Sjálfstæðisflokksins vilji því halda dyrunum opnum þar til réttar aðstæður skapast.

MYND: EYÞÓR/DV

Austurvöllur Heitur dagur fyrir menn og dýr.

Boris færist nær

Allar líkur eru á að Boris Johnson verði næsti formaður Íhaldsflokksins í Bretlandi og þar með forsætisráðherra landsins þar sem flokkurinn leiðir ríkisstjórn. Boris hefur verið fráfarandi forsætisráðherra, Theresu May, óþægur ljár í þúfu og fer fremstur í flokki Brexit-sinna.

Johnson fékk langflest atkvæði í annarri umferð atkvæðagreiðslu flokksins og eru nú aðeins sjö frambjóðendur eftir. Johnson fékk alls 114 atkvæði en í öðru sæti var Jeremy Hunt með 43. Nýr formaður tekur við þann 22. júlí næstkomandi. En hver er Boris Johnson?

Nefndur eftir sovéskum flóttamanni

Fullt nafn hans er Alexander Boris de Pfeffel Johnson. Hann er fæddur þann 19. júní árið 1964 á Manhattan-eyju í New York. Foreldrar hans eru albreskir en Johnson er engu að síður með tvöfalt ríkisfang, breskt og bandarískt. Hann var nefndur Boris eftir sovéskum flóttamanni sem foreldrar hans þekktu.

Johnson er af efnuðu fólki kominn og gekk í fínan einkaskóla. Fimm ára gamall flutti hann með fjölskyldu sinni til Lundúna en um tíma bjó fjölskyldan í Brussel þar sem faðir hans, Stanley, starfaði fyrir Evrópuráðið. Sem barn glímdi hann við heyrnarskerðingu en gekk þó einstaklega vel í tungumálanámi.

Eins og margir ungir menn á framabraut gekk Johnson í bæði Eton og Oxford. Þar varð hann vinsæll og þótti einstaklega vel máli farinn. Hann lék ruðning, gekk í bræðralag og varð forseti stúdentafélagsins.

Á háskólaárunum kynntist hann Allegru Mostyn-Owen, sem var af aðalsættum, og fljótlega trúlofuðust þau. Eftir útskrift árið 1987 giftust Johnson og Mostyn-Owen en hjónabandið varði aðeins í sex ár. Árið 1993 kvæntist hann lögmanninum Marinu Wheeler en þau standa nú í skilnaði. Johnson á alls fimm börn.

Uppáhaldsblaðamaður Margrétar Thatcher

Eftir útskrift hófst ferill Johnson sem blaðamaður og þar átti hann eftir að verða áberandi og umdeildur. Árið 1987 var hann rekinn frá dagblaðinu The Times eftir að hafa falsað tilvitnun en fékk þá starf hjá The Daily Telegraph, sem gjarnan er flokkað á hægri vængnum. Þar byrjaði hann að láta stjórnmálaskoðanir sínar í ljós, sérstaklega efasemdir um veru Bretlands í Evrópusambandinu. Varð hann að uppáhaldsblaðamanni forsætisráðherrans Margaret Thatcher. Á níunda áratugnum var Johnson þekktur fyrir pólitíska pistla sína og sýndi áhuga á að bjóða sig sjálfur fram til embættis.

Árið 2001 var Johnson kjörinn á breska þingið og endurkjörinn árið 2005. Á sínum þingmannsferli komst hann nokkrum sinnum í slúðurblöðin fyrir meint framhjáhöld og barneignir utan hjónabands.

Klaufalegur borgarstjóri

Johnson var óvænt kjörinn borgarstjóri Lundúna árið 2008 og bar sigurorð af „Rauða“ Ken Livingstone. Kosningabaráttan byggðist á að ná til úthverfafólks og beita sér fyrir fækkun glæpa og uppfærðu vegakerfi. Ýmis ummæli voru hins vegar dregin fram í dagsljósið sem verða að teljast rasísk og niðrandi í garð samkynhneigðra.

Árið 2012 var hann endurkjörinn en þá var hann orðinn þekktur utan landsteinanna. Fólki fannst eitthvað sniðugt við þennan ljóshærða og úfna klaufabárð sem elskaði ruðning.

Beið síns tíma

Johnson kom aftur inn á þingið árið 2015, en þá hafði David Cameron forsætisráðherra gefið loforð um þjóðaratkvæðagreiðslu um veru landsins í Evrópusambandinu. Johnson hljóp að sjálfsögðu á „Brexit-vagninn“ gegn formanninum.

Eftir að úrslit kosninganna voru ljós hrökklaðist Cameron frá völdum og nýr forsætisráðherra, Theresa May, gerði Johnson að utanríkisráðherra. En vandræði stjórnarinnar með að leysa hnútinn hafa engum dulist og harðlínu Brexit-sinnar eins og Johnson óánægðir með stefnu May. Í júlí í fyrra sagði Johnson af sér embætti. Síðan þá hefur hann setið á meðal „bakbekkjunga“ eða valdalítilla þingmanna og beðið eftir að stóllinn hryndi undan May. Það er nú að raungerast og tími Johnson að renna upp. ■

LOF & LAST – Erik Hamrén og Miðflokkurinn

Erik Hamrén
Lof vikunnar fær Erik Hamrén landsliðsþjálfari karlalandsliðsins í knattspyrnu. Alger viðsnúningur hefur orðið á gengi liðsins undanfarið. Eftir tvo góða sigra í júní á Laugardalsvelli á liðið skyndilega góða möguleika á að komast upp úr riðlinum í undankeppni Evrópumeistaramótsins. Þegar illa gekk fékk Hamrén harða gagnrýni og því er verðskuldað að hann fái lofið núna.

Miðflokkurinn
Aftur stefnir í málþóf á Alþingi í boði Miðflokksins. Þingmenn flokksins raða sér nú á mælendaskrá í umræðu um frumvarp um loftslagsmál og tilgangurinn er augljós, rétt eins og í umræðunni um þriðja orkupakkann. Virðist þetta gert til þess eins að reyna að rífa upp fylgið í kjölfar Klaustursmálsins. Það gekk vel í upphafi en hefur nú snúist í andhverfu sína. Aðgerðir gera því ekkert nema að minnka virðingu þeirra sjálfra.

KYNNINGARBLAÐ

Sumarnámskeið

14. júní 2019

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is **Umsjón:** Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is

Spennandi sumarnámskeið Klifurhússins

Klifur er fjölhliða íþróttagrein sem fyrir löngu hefur fest sig í sessi hér á landi. Klifurhúsið, Ármúla 23 í Reykjavík, er rekið af klifrurum, fyrir klifrara og hefur aldrei verið jafn vel sótt. Þar er alhliða aðstaða til klifurs bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Hægt er að kaupa staka tíma sem og kort sem gilda til lengri eða skemmri tíma.

Klifur í stað kráarferðar – skemmtileg samvera fyrir alla

„Það er kjörið fyrir litla hópa að koma hingað og eiga góða stund saman. Fólk hittist, fær sér kaffi og spjallar, og klifrar síðan saman í tvo tíma. Þetta kemur í staðinn fyrir að hittast á barnum," segir Benjamin Mokry, klifrari í Klifurhúsinu. Það er því jafn sjálfsagt að hittast í klifri og á kaffihúsi eða krá. Svo fær maður mikla og góða hreyfingu í kaupbæti.

Sumarnámskeið fyrir börn – laus pláss í júlí.

Frá 11. júní til 16. ágúst stendur Klifurhúsið fyrir einnar viku námskeiðum fyrir börn á aldrinum 6–12 ára. Námskeiðin hefjast alla daga vikunnar kl. 9 og standa til kl. 16 en hægt er að bæta við gæslu fyrir og eftir þann tíma, eða frá 8.30–17.

Námskeiðin eru krefjandi og henta bæði byrjendum og lengra komnum. Allir dagar byrja og enda í Klifurhúsinu en kennslan fer að mestu fram utandyra í Laugardalnum og Öskjuhlíðinni og þar í kring.

„Þátttakendur kynnast helstu gerðum klifuríþróttarinnar, grjótglímunni og línukastinu. Þá eru þau kynnt fyrir helsta útbúnaði, auk þess að njóta útiverunnar," segir Benjamín. Dagskrá sumarnámskeiðanna er að finna á heimasíðu Klifurhússins, klifurhusid.is, en skráning fer fram gegnum Nóru skráningarkerfi. Hvert námskeið kostar 26.000 krónur en eigendur árskorta fá afslátt auk þess sem veittur er 20% systkinaafsláttur. Í verðinu er innifalin leiga á öllum búnaði og grillveisla í lok námskeiðsins.

Fullt er á flest námskeiðin í júní og ágúst en hægt er að fá laus pláss í júlí, að sögn Benjamíns. „Haustið er síðan kjörinn tími til að kynnast klifrinu og byrja að mæta á æfingar á fullu," segir hann að lokum.

Klifurhúsið
Ármúla 23
www.klifurhusid.is
s. 553-9455

FJÖLBREYTT OG SKEMMTILEG

SUMARNÁMSKEIÐ

FYRIR 7–9 ÁRA

Í sumar býður KVAN upp á hágæða námskeið í umsjón fagmenntaðra tómstunda- og félagsmálafræðinga. Áhersla verður lögð á að kenna félags- og leiðtogafærni, efla vináttufærni og bæta samskipti. Kennt er i gegnum æfingar og fræðslu með uppbyggjandi samvinnuleikjum. Æfingar auk samvinnuleikja geta haft örvandi og jákvæð áhrif á félagslegan þroska barna í hegðun, umhyggju, umburðarlyndi og samkennd, ásamt því að efla jákvæða leiðtogahæfileika.

Ótrúlega skemmtilegt og lifandi námskeið fyrir börn!

Skráning hafin á **kvan.is**

NÆSTU NÁMSKEIÐ:

24. júní	-	5. júlí	kl.13-16
8. júlí	-	19. júlí	kl. 9-12
8. júlí	-	19. júlí	kl.13-16

KVAN

kvan.is - Hábraut 1a, Kópavogi - sími 519 3040

SMÁRABÍÓ KYNNIR Í FYRSTA SKIPTIÐ

SUMARNÁMSKEIÐ SMÁRABÍÓS

Námskeiðið er í viku í senn,
mánudaga til föstudaga frá 12:30-16:00 í Smárabíó

Tímasetningarnar sem eru í boði:
22. til 26. júlí
29. júlí til 2. ágúst
12. til 16. ágúst

Skipulögð dagskrá er alla dagana
og munu þátttakendur meðal annars prófa

- **Leiktækjasal**
- **Lasertag**
- **Karaoke**
- **Ratleik**
- **Rush garðinn**
- **Hópleiki**
- **2x bíóferðir**
- **Blöðrugerð**
- **Andlitsmálningu**

Tilvalið fyrir börn á aldrinum 6 til 10 ára.
Verð: 17.000 kr.
15% systkinaafsláttur
Frekari upplýsingar á smarabio.is/sumarnamskeid

SMÁRA BÍÓ
- eins og bíó á að vera!

Upplifðu, njóttu og skapaðu tækifæri

Skráðu þig í ókeypis kynningartíma á dale.is eða í síma 555 7080

Það sem þjálfunin færir þér:

- Aukið sjálfstraust, sterkari sjálfsmynd og trú á eigin getu
- Þú kemur hugmyndum þínum betur á framfæri og eykur áhrif þín
- Kynnist nýju fólki, bætir samskiptahæfni og styrkir sambönd
- Jákvæðara viðhorf og minni kvíði

Námskeið hefjast:

10 til 12 ára	*7. ágúst*	*9.00 til 12.30*	*8 virka daga í röð*
10 til 12 ára	*23. sept.*	*17.00 til 20.00*	*8 skipti með viku millibili*
13 til 15 ára	*7. ágúst*	*14.00 til 17.30*	*8 virka daga í röð*
13 til 15 ára	*19. sept.*	*17.00 til 20.30*	*8 skipti með viku millibili*
16 til 19 ára	*7. ágúst*	*18.00 til 22.00*	*tvisvar í viku*
16 til 19 ára	*18. sept.*	*18.00 til 22.00*	*8 skipti með viku millibili*
20 til 25 ára	*6. ágúst*	*18.00 til 22.00*	*tvisvar í viku*
20 til 25 ára	*17. sept.*	*18.00 til 22.00*	*8 skipti með viku millibili*

Dale Carnegie™

Copyright © 2019 Dale Carnegie & Associates, Inc. All rights reserved. Gen next_050819_iceland 5x10

SUNDSKÓLI SÓLEYJAR:

Gæðastund fyrir fjölskylduna

Á nýju ári er alveg tilvalið að skella sér á sundnámskeið og hjá Sundskóla Sóleyjar er af ýmsu að taka. „Við erum með ungbarnasund, barnasund, einkatíma, skriðsundnámskeið og vatnsleikfimi fyrir fullorðna. Börn allt frá tveggja mánaða aldri og upp í tólf ára sækja einnig fjölbreytt námskeið hjá mér allt árið," segir Sóley, eigandi sundskólans, ungbarnasundkennari og íþróttakennari. Sundskóli Sóleyjar hefur verið starfandi í yfir 20 ár og hefur starfsemin vaxið jafnt og þétt. „Þetta er fullt starf hjá mér í dag sem er ágætt því þetta er það skemmtilegasta sem ég geri," segir Sóley. Hjá sundskólanum starfar einnig Ragnheiður Sæmundsdóttir, ungbarnasundkennari og íþróttakennari.

Sjálfsörugg í sundi

Ungbarnasund kom til sögunnar í kringum árið 1990 og hefur lengi verið vinsælt. Að sögn Sóleyjar hefur hins vegar mesti vöxturinn undanfarin ár verið í barnasundi. Slík tómstundaiðkun barna hefur margvíslega kosti fyrir utan þá að vera holl hreyfing. Til dæmis er afar gott fyrir börn að stunda sundnámskeið áður en þau fara í skólasund því það gerir þau að sterkari einstaklingum og þau verða miklu sjálfsöruggari í skólasundinu. Enn fremur eru barnanámskeiðin, sem og ungbarnasundið, sannkölluð gæðastund fyrir fjölskylduna því foreldrar eru alltaf með barninu í lauginni, nema þegar um einkakennslu er að ræða.

Mikilvægt að halda sundinu við

„Það er líka mjög mikilvægt að viðhalda kunnáttunni. Það hefur komið fyrir að ég fái til mín fólk á ungbarnanámskeið og svo kemur það aftur með barnið á barnanámskeið fjórum árum síðar. En í millitíðinni er barnið orðið vatnshrætt. Það er því mikilvægt að fjölskyldan fari reglulega í sund eða barnið haldi áfram á námskeiðum eftir ungbarnasundið," segir Sóley.

Meiri árangur ofan í lauginni

Námskeiðin fara fram í tveimur sundlaugum, önnur er á Hrafnistu í Hafnarfirði en hin á Hrafnistu í Kópavogi. „Okkar markmið er að kenna börnum að synda í gegnum leik, þannig að þau upplifi ekki þessa hefðbundnu sundkennslu með kennarann uppi á bakkanum. Í sundkennslunni förum við Ragnheiður báðar ofan í laugina með öllum. Það á einnig við um fullorðna fólkið í skriðsundinu og vatnsleikfiminni að þar er ég líka ofan í lauginni. Ég tel mig ná betri árangi með því að vera í augnhæð við nemendurna, sama á hvaða aldri þeir eru, hvort sem þeir eru tveggja mánaða eða sjötíu ára," segir Sóley.

Sundkennsla á landsbyggðinni

„Við förum einnig út á land með kennsluna okkar og bjóðum landsbyggðarbörnunum sömu þjónustu og börnunum hér í bænum. Það er svo gaman að leyfa börnunum á landsbyggðinni að upplifa ævintýrið sem ég er með í gangi í sundlauginni. Þá kennum við tvær helgar á hverjum stað og börnin mæta tvisvar á dag í sund. Síðast í nóvember fórum við til dæmis í Búðardal," segir Sóley.

Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni sundskoli.is og ástæða til að hvetja foreldra til að skoða hana vel.

Þar eru mjög fróðlegar upplýsingar um námskeiðin auk þess sem hægt er að skrá sig á námskeið á vefnum. Skráning og kennsla er nú þegar hafin og ekki ekki seinna vænna að skrá sig fyrir nýja árið.

Sjá einnig Facebook-síðuna Sundskóli Sóleyjar. ■

KYNNINGARBLAÐ

Veitingablaðið

14. júní 2019

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is **Umsjón:** Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is

Frábær nýr sumarseðill á Sumac

Veitingastaðurinn Sumac, Laugavegi 28, dregur nafn sitt af djúprauðum villiberjum sem vaxa víða í Mið-Austurlöndum og við Miðjarðarhaf. Matseldin á Sumac sækir innblástur í stemningu frá Beirút í Líbanon og tælandi áhrif frá Marokkó. Á staðnum er ferskt hráefni úr íslenskri náttúru matreitt undir áhrifum Mið-Austurlanda og á matseðlinum eru eldgrillaðir réttir með framandi kryddi.

Þráinn Freyr Vigfússon, eigandi Sumac.

Bar með Miðjarðarhafsbrag

Matseðill staðarins er hannaður af þeim Þráni Frey Vigfússyni, Georg Halldórssyni og Hafsteini Ólafssyni, sem valinn var kokkur ársins árið 2017. Á barnum ríkir einnig andblær Miðjarðarhafsins og boðið er upp á ferska, fjölbreytta og freistandi kokteila. Á vínseðlinum blandast saman innblástur frá Evrópu, Marokkó og Líbanon.

Grillsumar á teini

Sumac kynnir um þessar mundir nýjan sumarmatseðil. „Aðaláherslan er á spjót, eða sem sagt mat grillaðan á teini," segir Þráinn Freyr Vigfússon, matreiðslumaður á staðnum. Umhverfið á Sumac er sérhannað af Hálfdáni Petersen, til að skila gestum einstakri upplifun. Opið rými er hannað kringum langan barinn, en heildarsvipurinn byggir á opnu eldhúsi, hráum steyptum veggjum en lýsingin er bæði hlýleg og stílhrein í senn.

Það er því sannkölluð matarupplifun að njóta nokkurra sumarspjóta á þessum nútímalega og stílhreina stað í hjarta miðbæjarins.

Hægt er að panta borð á heimasíðu Sumac eða í síma 537-9900.

www.sumac.is
Laugavegi 28
101 Reykjavík. ■

900 GRILLHÚS:

Goðsögulegir borgarar beint frá býli

900 Grillhús í Vestmannaeyjum opnaði fyrir níu árum og hitti fljótlega í mark, enda er maturinn þar unninn úr úrvals hráefni og borgararnir koma beint frá býli. „Vestmannaeyingar eru afar duglegir að fara út að borða enda er þar úrval af góðum veitingastöðum. Eyjamenn eru líka duglegir að panta sér veitingar heim, og panta þá hvort heldur er pitsur eða hamborgara frá okkur," segir Fanný Rósa Bjarnadóttir.

„Við erum afar þakklát fyrir góðan hljómgrunn meðal bæði heimamanna og ferðamanna sem sækja eyjarnar heim. Hingað koma mikið til heimamenn og erlendir ferðamenn, sérstaklega á sumrin, en svo þegar líður á verslunarmannahelgi og Goslokahátíðina þá eru íslenskir Eyjagestir að sjálfsögðu duglegir að koma við. Svo erum við alltaf með kokteil mánaðarins á góðum afslætti."

Kjötið kemur beint frá býli

900 Grillhús býður upp á dýrindis hamborgara, dásamlegar flatbökur og djúsí steikur. „Hamborgararnir okkar eru víðfrægir, en kjötið úr þeim er ferskt gæðakjöt sem kemur beint frá Sogni í Kjós og er leitun að jafn bragðgóðum og flottum borgurum."

Goðsögulegur humarborgari

Humarborgarinn má með sanni segja að sé orðinn að goðsögn bæði í Eyjum og utan þeirra. „Hráefnið er úrvals enda kemur kjötið beint frá býli. Humarinn kemur frá fiskvinnslufyrirtækjunum í Eyjum, svo hann er 100% ferskur og ljúffengur. Bernaise-sósan sem er borin fram með borgaranum er gerð á staðnum og mikill metnaður lagður í að allt sé sem best úr garði gert."

„Við teljum okkur bjóða upp á bestu pitsurnar á Suðurlandi og þótt víðar væri leitað. En annars er alltaf best að prufa sjálfur," segir Fanný.

Það eru allir velkomnir á 900 Grillhús!

Vestmannabraut 23, 900 Vestmannaeyjar

Sími: 482-1000

Fylgstu með okkur á facebook: 900 Grillhús

Nánari upplýsingar má finna á vefíðunni 900grillhus.is ■

Ekta ítalskur andi og pizzur af betri gerðinni

Veitingastaðurinn Essensia var opnaður fyrir tveimur árum og er hugarfóstur Hákonar Más Örvarssonar sem vildi opna ekta ítalskan veitingastað í fínni kantinum. Fyrir utan hágæða matreiðslu hefur verið lögð mikil vinna í að hafa umhverfið sem fallegast og í ósviknum ítölskum anda: „Við fengum til okkar ítalska arkitekta til að hanna staðinn og allar innréttingar og smíði, stólar, borð og barinn, öll ásýnd staðarins, er flutt inn frá Ítalíu," segir Hákon.

Það sama má segja um matseldina, þar á meðal pitsugerðina, þetta er allt ekta ítalskt: „Við gerum pitsur í þessum Napolitana-stíl sem fer þannig fram að pitsan er aldrei mikið lengur en eina og hálfa til tvær mínútur í 320 °C heitum eldofninum. Það fer hins vegar meiri tími í að undirbúa hana, fletja út deigið og setja ofan á hana. Pitsurnar eru lagaðar aðeins minni en gengur og gerist en hráefnið er það sem gerir gæfumuninn varðandi gæðin."

Vinsælasta pitsan á Essensia er humarpitsan og hefur hún slegið svo rækilega í gegn að hún er orðin eitt af helstu einkennismerkjum staðarins: „Við notum ítalska San Marsano-tómata sem eru mikilvægt hráefni í þessum Napolitana-pitsum. Við gerum okkar eigin Ricotta-ost og notum einnig mascarpone sem grunn með tómötunum, síðan, að sjálfsögðu, humarinn okkar góða. Við þetta bætist síðan smá chili, hvítlauksolía og sjávarsalt."

„Ítalski Parma-skinku ostaplattinn með grilluðu brauði og ólífum klikkar seint enda pottþétt byrjun á góðum málsverði. Humar spagettíið okkar með hvítlauk, chili og hvítvíni er að sama skapi sívinsælt og svo er „Milanese" kálfaschnitzelið guðdómlegt. Essensia Tiramizu er svo fullkominn endir á kvöldinu og svíkur engan."

Pitsurnar vinsælar

Aðrar pitsur á matseðlinum eru líka vinsælar og vandað er til verka við gerð þeirra í hvívetna, til dæmis við hina hefðbundnu Margarita-pitsu, og einnig óvenjulegri pitsur, eins og kartöflupitsu með pancetta-beikoni, rósmaríni og brieosti. Í rauninni er engin sérlöguð pitsusósa á pitsunum okkar heldur notum við San Marsano-tómatana beint og byggjum þetta síðan á deiginu sem er alltaf lagað daglega á staðnum, en þó ekki bakað fyrr en 1–2 dögum síðar; þetta meðal annars er það sem gerir pitsurnar bragðgóðar og einstakar." Fyrir utan pitsurnar er matseðillinn á Essensia nokkuð fjölbreyttur. Boðið er upp á afbragðsgóða pastarétti, steikur, fiskrétti og fleira. Þess má geta að Essensia býður upp á ferskan fisk dagsins á sérkjörum í hádeginu á kr. 2.250.

Sem fyrr segir er umhverfið fallegt og þægilegt. „Þetta er í fínni kantinum, þú situr vel í gæðastólum og það eru tauservíettur á borðum. Útsýnið er að Hörpu og nágrenni og fólk nýtur þess virkilega að slaka hér á yfir góðum mat," segir Hákon, en mjög stórir gluggar prýða staðinn og veita frábært útsýni.

„Það er mjög vinsælt að koma hingað áður en farið er í leikhús eða Hörpu," segir Hákon og kemur ekki á óvart enda bara nokkur skref frá staðnum yfir í Þjóðleikhúsið og örstuttur gangur að tónlistarhúsinu. Staðurinn er vinsæll en að sögn Hákonar eru Íslendingar í meirihluta þó að erlendir ferðamenn sæki staðinn líka nokkuð vel. Essensia tekur 60 manns í sæti í einu.

Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni essensia.is.

Hverfisgata 4-6, 101 Reykjavík.
Sími: 517-0030
essensia@essensia.is
Facebook: Essensia ■

Einsi kaldi úti í Eyjunum

Í Vestmannaeyjum er að finna einn af bestu veitingastöðum landsins þar sem góður matur, ferskt hráefni, staðbundin matargerð og fagmannlegt handbragð koma saman og skapa einstaka upplifun fyrir alla þá sem þar snæða. Veitingastaðurinn Einsi kaldi er hugarfóstur matreiðslumeistarans Einars Björns Árnasonar. Staðinn opnaði hann árið 2012 í framhaldi af veisluþjónustunni sem hann opnaði 2008, eftir útskrift árið 2007 þar sem hann var verðlaunaður fyrir góðan námsárangur. Árið 2011 kláraði hann svo meistaranámið.

„Það hefur gengið alveg ótrúlega vel hjá okkur og það má nefna að við vorum í efsta sæti yfir veitingastaði á Suðurlandi á Trip Advisor í þrjú ár og höfum alltaf haldið okkur við toppinn," segir Einar Björn Árnason, matreiðslumeistari og Eyjapeyi með meiru.

„Ég ólst upp í Vestmannaeyjum og byrjaði að vinna sem ungur drengur í humri hjá Fiskiðjunni. Síðan ákvað ég að prófa ungur maður að fara á sjóinn. Þar var ég plataður til að vera kokkur þar sem ég var yngstur og þá var eiginlega ekki aftur snúið," segir Einar. Einar lærði hjá Grími Grímssyni úti í Eyjum og Sigga Hall í Reykjavík. „Eftir það fannst mér ekki annað hægt en að snúa aftur til Eyja," segir Einar.

Háklassa veitingastaður á hjara veraldar

Einsi kaldi er háklassa veitingastaður þar sem leitast er við að nota allt það ferskasta sem finnst í nágrenni og við strendur Vestmannaeyja. „Þar kemst ég í einstaklega ferskt og staðbundið hráefni, s.s. bjarg- og sjófugl ásamt ýmiss konar kryddjurtum sem tíndar eru hér á eyjunni," segir Einar.

Í eldamennskunni segist hann hafa mest gaman af að töfra fram ljúffenga sjávarrétti og fyrir það er hann líka rómaður. „Þessi áhugi minn á fiskmeti ætti kannski ekki að koma á óvart, þar sem nálægðin við fengsæl fiskimið gera mér kleift að fá spriklandi ferskan fisk nær daglega. Við fáum allan okkar fisk frá fiskvinnslustöðinni í Vestmannaeyjum sem útvegar okkur fisk af bátunum tvisvar í viku. Einnig fáum við saltfiskinn nýunninn frá Leo Seafood sem er staðsett hér í Eyjum."

Þorskhnakkinn í uppáhaldi

„Uppáhaldið hjá mér er klárlega þorskhnakkinn, en hann er svo agalega góður hér í Eyjum að hann er eiginlega eins og ljós steik. Ég er svo mikill áhugamaður um þorskhnakka að ég fór út til Hollands fyrir hönd Íslandsstofu og hélt þar tölu um þorskhnakka. En allt fiskmeti hér á Einsa kalda er afar vinsælt hjá gestum. Sérstaklega humarinn, skötuselurinn og svo auðvitað þorskhnakkinn. Einnig seljum við mikið af lambi, enda er það sívinsælt."

Síbreytilegur matseðill

Matseðlarnir hjá Einsa kalda eru árstíðabundnir og breytast ört. „Ég er alltaf að gera tilraunir með réttina á matseðlunum. Á veturna nota ég Eyjamenn sem nokkurs konar tilraunadýr og prófa nýja rétti á þeim. Eyjamenn eru margrómaðir sælkerar og ég treysti bragðlaukunum þeirra fullkomlega."

Hágæða veisluþjónusta

Einar hefur í mörg horn að snúast í Eyjum. Þar rekur hann hágæða veisluþjónustu sem og viðburðaþjónustu undir sama nafni. „Það er oft sagt að ef fjórir eða fleiri mæta saman þá sé Einsi kaldi mættur með mat," segir Einsi léttur eins og ávallt.

„Við sjáum um allar tegundir af veislum og viðburðum, hvort sem það eru brúðkaup, fótboltamót, fyrirtækjahúllumhæ eða hvaðeina. Einmitt núna er ég að fara að elda ofan í þúsund stelpur sem eru hér á pæjumóti. Fyrir um þremur árum síðan byrjuðum við að bjóða upp á hópaferðir í eins konar míní þjóðhátíð. Við erum í samstarfi við fjölda fyrirtækja hér í Eyjum, svo sem hótelið, Rib Safari og fleiri. Þá skipuleggjum við viðburði eins og brekkusöng með trúbadorum, bátsferðir, ball og ýmislegt skemmtilegt í anda þjóðhátíðar fyrir hópana. Svo er farið á Einsa kalda eða í Höllina að snæða dýrindis mat. Þetta hefur verið mjög vinsælt hjá t.d. fyrirtækjum að bjóða starfsmönnum sínum í svona þjóðhátíðarstemningu, sérstaklega á sumrin, þó svo það sé auðvitað hægt að skipuleggja svona ferðir á veturna líka, ef fólk vill. Hátíðina smíðum við algerlega út frá óskum hópsins og þeim sem treysta sér er að sjálfsögðu boðið að koma og spranga eins og Eyjamönnum er vel flestum tamt."

Veitingastaðurinn Einsi kaldi er staðsettur að Vestmannabraut 28, Vestmannaeyjum.

Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðu einsikaldi.is

Netpóstur: einsikaldi@einsikaldi.is
Sími: 481-1415
Facebook: Einsi Kaldi ■

CAFÉ ADESSO:

Eitt vinsælasta kaffihús landsins lækkar verðið

Cafe Adesso í Smáralind hefur um árabil verið geysilega vinsælt kaffihús og veitingastaður en staðurinn var opnaður 7. apríl 2002. Cafe Adesso er vel sóttur af viðskiptavinum Smáralindar en auk þess venur stór hópur fastagesta komur sínar á staðinn, meðal annars fólk sem vinnur í nágrenninu.

Ljúffengt crepes.

Cafe Adesso býður upp á hið rómaða og bragðmikla Piazza doro-kaffi. Piazza doro inniheldur Arabica kaffibaunir frá Ástralíu og er leiðandi kaffiframleiðandi þar í landi.

„Með kaffinu mæli ég með sneið af franskri súkkulaðiköku með rjóma. Mikið úrval er af alls konar gómsætum kökum. Einnig eru smurbrauð með roastbeef, laxi, hangikjöti og fleiru gerð alla daga. Börnin geta valið sér crepes eða þá panini, já eða bara kleinuhring," segir Elís Árnason, eigandi Adesso.

Fjölbreytt úrval af gómsætum mat og hádegistilboð alla daga

Sem fyrr segir er Cafe Adesso í senn kaffihús og veitingastaður. Geysilegt úrval af tertum og smástykkjum er í boði alla daga en matseðla má skoða á heimasíðu staðarins, adesso.is. Meðal annars eru crepes hádegistilboð alla virka daga milli kl. 11.30 og 14.00 á 1.890 krónur, súpa dagsins með brauði á 1.190 krónur, svo má ekki gleyma Mexikókjúklingasalatinu okkar á 1.890 krónur alla daga.

Girnilegt Mexíkósalat.

Enn meiri verðlækkun

Adesso er nýbúið að lækka verðið á völdum réttum og meðal annars hefur verðið á crepes réttunum okkar á matseðli, lækkað úr 2.390 niður í 1.990 kr. Einnig lækkar verðið á öllum kökusneiðunum okkar niður í 990 kr. Rjóminn fylgir þá með. „Svo er hægt að fá tilboð á kaffibolla og eðal franskri súkkulaðiköku á eingöngu 1.290 kr. en frönsku súkkulaðikökuna baka ég sjálfur á staðnum," segir Elís.

Megináherslan er lögð á fjölbreytni í starfsemi Cafe Adesso þannig að allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Að ógleymdu kaffinu sem nýtur ómældra vinsælda.

Nánari upplýsingar má nálgast á adesso.is

Facebook: Adesso Smáralind

Cafe Adesso er opið mánudaga–miðvikudaga frá kl. 11.00 til 19.00, fimmtudaga frá 11.00 til 21.00, föstudaga og laugardaga frá kl. 11.00 til 19.00 og sunnudaga frá kl. 12.00 til 18.00. ■

Fjallkonan sólar sig á besta útisvæði borgarinnar

Veitingastaðurinn Fjallkonan krá & kræsingar var opnaður fimmtudaginn 6. júní með pomp og prakt. Bergdís Örlygsdóttir, einn eigenda staðarins, segir opnunina hafa gengið vonum framan enda hefur veðrið leikið við Reykvíkinga og útisvæðið blómstrað af sólelskum matargestum. „Á bak við staðinn stendur afar öflugt teymi frábærs hóps af fjallkonum og flottum strákum. Svo er Fjallkonan líka systurveitingastaður Sushi Social, Sæta svínsins, Tapasbarsins og Apoteksins," segir Bergdís.

Sjón er sögu ríkari

Fjallkonan er skemmtilegur og lifandi veitingastaður en alls ekki laus við að vera afslappaður og kósí líka. Fjallkonan fær nafn sitt frá veitingahúsum frumkvöðulsins og kvenskörungsins Kristínar Dahlstedt, sem opnaði fjölda veitingastaða á Íslandi og þann fyrsta árið 1905.

„Kristín færði Íslendingum spennandi kræsingar og skemmtilega stemningu sem við hjá Fjallkonunni viljum endurskapa á nútímalegan hátt. Staðinn hannaði Leifur Welding og er útlitið mjög hlýlegt og litríkt, en það er svolítið erfitt að lýsa útlitinu. Sjón er sögu ríkari."

Forvitnilegt upphaf

Fyrir stuttu birtist afar forvitnileg auglýsingaherferð frá Fjallkonunni þar sem ljósmyndir af íslenskum kvenskörungum nútímans sáust víða. „Hugmyndin á bakvið birtingu Fjallkonumyndanna var ekki aðeins að vekja forvitni á nafninu og staðnum, heldur líka beina athygli að því hvað við eigum mikið af flottum íslenskum, sterkum konum sem eru frábærar fyrirmyndir á margs konar sviðum.

Við fengum fullt af frábærum konum með okkur í lið, eigendur og starfsmenn á staðnum tóku þátt, alls konar flottar konur sem tengjast staðnum á einn eða annan hátt. Til dæmis tók Hera Fjord, barnabarnabarn fjallkonunnar sjálfrar, þátt, en hún hefur sett á svið einleik um langalangalangömmu sína og líf hennar. Í framhaldinu fengum við fjölda fyrirspurna frá konum og beiðnum í gegnum samfélagsmiðla um að fá að vera fjallkonur líka og það er aldrei að vita nema við bætum við fleiri flottum fjallkonum í framhaldinu."

Syndsamlega góðir eftirréttir og erlend menningarblanda

Matseðillinn hjá Fjallkonunni er mjög fjölbreyttur og er skemmtileg blanda af alþjóðlegu bragði í bland við íslenskar hefðir. Þar má t.d. nefna Peking style önd með íslenskum pönnukökum. Einnig er frábært úrval af djúsí grænmetisréttum.

En engin máltíð er fullkomnuð fyrr en feita konan syngur og eftirréttirnir eru komnir á borðið. „Fjallkonan er með úrval af hrikalega sætum eftirréttum sem eru alveg syndsamlega góðir. Hjá henni færðu sætindaparísarhjól, Þrista súkkulaðitertu og djúpsteikt Oreo, sem hefur algerlega verið að slá í gegn hjá okkur frá opnun staðarins."

Útisvæðið hjá Fjallkonunni er eitt það besta sem finnst í Reykjavík.

„Það hefur eiginlega verið alveg stútfullt síðan við opnuðum sem er auðvitað alveg frábært. Það er opið á staðnum hjá okkur í hádeginu og á kvöldin í mat og svo bjóðum við alla velkomna að kíkja við í drykk eða kaffi og eftirrétt.

Það er geggjað að sitja hér úti í sól og sumaryl og sötra ljúffengan drykk. Við erum einnig með spennandi snarl og smárétti sem skemmtilegt er að deila. Vonandi heldur veðrið áfram að leika við Reykvíkinga í sumar," segir Bergdís.

Nánari upplýsingar á vefsíðunni **fjallkona.is**

Hafnarstræti 1-3, 101 Rvk.
SímiÞ 555-0950
fjallkona@fjallkona.is
Facebook: **Fjallkonan**
Instagram: **fjallkonan.rvk** ■

Ertu á leið í leikhús?

Þá er kjörið að fá sér gott að borða í góðu umhverfi fyrir leikhúsið.

MEAT
REYKJAVÍK

Þriggja rétta leikhústilboð alla daga aðeins 6.990 kr.

Gildir einungis fyrir borð sem koma á milli 17:30 og 18:00
Gestir þurfa að hafa lokið máltíð fyrir 20:00

Frakkastíg 8b - 101 Reykjavík

Sími: 557 - 7665 - rvkmeat@rvkmeat.is - www.rvkmeat.is

Ekta marokkóskur matur og stemning á Kasbah Café

Veitingastaðurinn Kasbah Café er nefndur í höfuðið á kasbah, sem er samheiti yfir virki í kringum borgir í Marokkó. Yfirleitt eru þau í einkennandi rauðum lit enda unnin úr marokkóskum leir. Svo gnæfa alla jafna tveir turnar yfir borgina. Á veitingastaðnum Kasbah Café er stemningin næstum eins og að koma inn í marokkóska borg. Allir innviðir þar eru hannaðir af Hafsteini og Karítas hjá Haf Studio og handgert úti í Marokkó fyrir staðinn og kallast litirnir inni á staðnum á við hin mikilfenglegu Kasbah-virki.

Tengingar til Marokkó

„Við fjölskyldan berum mjög sterka þræði til Marokkó enda kem ég frá Marokkó," segir Mohamed Nadhir, eða Simo eins og hann er alltaf kallaður. „Við hjónin, Harpa B. Nadhir Bragadóttir, rekum staðinn saman, en hún er annars í fullu starfi hjá Mannvit, verkfræðistofu og hjá Kasbah Café í hjáverkum. Strákurinn okkar, Kristófer Karim, þjónar svo til borðs hjá okkur en þetta er sannkallað fjölskyldufyrirtæki." Simo hefur búið samtals í tuttugu ár á Íslandi en fjölskyldan bjó saman úti í Marokkó í þrjú ár fyrir nokkrum árum síðan. „Fyrst vorum við í Marrakech og svo í Casablanca, þaðan sem ég kem. Menningin þarna úti er einstök og síðan við fluttum aftur til Íslands hefur okkur dreymt um að opna veitingastað með marokkósku ívafi og kynna Íslendingum fyrir menningunni, stemningunni og auðvitað matseldinni þarna úti. Við opnuðum loks veitingastaðinn núna helgina 1. og 2. júní, en Kasbah er eini marokkóski veitingastaðurinn í Reykjavík. Þetta hefur gengið vonum framar enda er veðrið búið að leika við matargesti okkar."

Hægeldaðir réttir í leirpottum og marokkósk léttvín

Marokkóskir réttir eru mikið til eldaðir í sérstökum leirpottum sem kallast tagine. Þá er kjöt og grænmeti hægeldað og látið malla í eigin safa með alls konar framandi kryddum. „Útkoman er alveg himnesk. Marokkóskir réttir eru ekki sterkir þótt þeir séu kryddaðir. Þjóðarréttur Marokkóbúa er svo kúskús og ásamt tagine-réttum erum við með kúskús-rétti á matseðlinum.

Allt léttvínið okkar kemur frá Marokkó. Marokkó var frönsk nýlenda og er frönsk menning því mjög samtvinnuð marokkóskri menningu og hefur smitast meðal annars út í vínframleiðsluna. Vínin okkar koma frá Domaine De la Zouina sem framleiðir dýrindis rauðvín, hvítvín, gris og rósavín í hæsta gæðaflokki. Einnig erum við með briouates-smárétti. Það eru djúpsteiktar upprúllaðar deigþynnur með ýmiss konar girnilegum fyllingum sem henta bæði sem forréttir eða smáréttir."

„Kokkarnir okkar koma frá Marokkó og eru algerir snillingar í eldhúsinu. Marokkósk matseld er afar fjölbreytt og við erum enn að fínpússa matseðilinn. Okkur langar að vera með nokkra fasta rétti, og svo vera með breytilega rétti sem við auglýsum á Facebook-síðunni okkar, Kasbah Café Reykjavík. Því er um að gera að fylgjast með okkur þar og koma með uppástungur ef það eru einhverjir réttir sem þið viljið sjá á matseðlinum."

„Marokkóska myntuteið sem fæst hjá Kasbah Café fer ekki fram hjá neinum

sem hefur komið til Marokkó og er alveg himneskt, jafnvel fyrir þá sem segjast ekki drekka te. Svo erum við líka með kökur sem við gerum sjálf, m.a. geggjaða sítrónuböku sem passar svona líka vel með myntuteinu."

Paradís á sumardegi

„Ég mæli eindregið með því að sitja úti í sólinni á útisvæðinu okkar, fá sér briouates og sötra á góðu marokkósku rósavíni með. Útisvæðið okkar tekur allt að 20 manns í sæti og er þar gott skjól og sólríkt. Þetta er alger paradís á góðum sumardegi," segir Simo og býður gesti og gangandi velkomna í ekta marokkóska stemningu á Kasbah Café.

Kasbah Café er staðsett að Geirsgötu 7b, 101 Reykjavík.
Sími: 588-8484
Facebook: Kasbah Café Reykjavík
Instagram: kasbahcafereykjavik
Heimasíða: kasbah.is ■

VÖRUR Í BOÐI MEÐ EÐA ÁN

MERKINGA

STUTTERMABOLIR

POLOBOLIR

HETTUPEYSUR

PEYSUR

HÚFUR

HANSKAR

BARNAPEYSUR

BARNABOLIR

VINSÆLAST

TIL MERKINGA HJÁ FYRIRTÆKJUM

Saumastofa
ÍSLANDS
Malarhöfða 2 • 581 3330

Skipti um nafn Brynhild varð að Belle.

Hin norska Brynhild flutti til Ameríku

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is

Svo drap hún 40 menn og fjölda barna

Hún var ekki dæmigerður raðmorðingi í þeim skilningi að hún hafi notið þess að drepa eða að sjá fólk þjást. Fyrir henni jafngilti hvert barn sem hún drap peningum í kassann.“

Þessi saga hefst eins og margar aðrar. Brynhild Paulsdatter Størseth fæddist við bágar aðstæður á litlum bóndabæ, þann 11. nóvember 1859. Bærinn, sem hét Størsethgjerdet, tilheyrði stórbýlinu Størseth í Noregi. Brynhild var yngst átta barna. Þegar hún var unglingur varð hún þunguð eftir ríkan bóndason frá einu stórbýlanna í nágrenninu.

Kvöld eitt þegar Brynhild var á dansleik var hún slegin svo fast í magann að hún missti fóstrið. Maðurinn sem sló hana mun hafa verið faðir barnsins, en hann var aldrei ákærður fyrir verknaðinn. Stuttu síðar lést hann af því sem var lýst sem krabbameini í maga, fólkið í þorpinu velti því þó fyrir sér hvað hefði komið fyrir manninn.

Skipti um nafn, Brynhild varð Belle

Eftir fósturmissinn á Brynhild að hafa breyst mikið. Eins og margt ungt fólk á þessum tíma ákvað hún að freista gæfunnar hinum megin Atlantshafsins og vann sem þjónustustúlka í þrjú ár til þess að safna fyrir farmiðanum.

Árið 1881 settist hún að í Chicago og giftist fljótlega Norðmanninum Mads Ditlev Anton Sørensen. Hún skipti um nafn og varð Belle Sørensen. Saman ráku hjónin verslun en reksturinn gekk ekki sem skyldi. Dag einn brann verslunin og hjónin fengu greiddar tryggingabætur.

Samkvæmt manntali (United States Census) sem gert var árið 1900 áttu Belle og Mads fjögur börn, Caroline, Axel, Myrtle og Lucy. Caroline og Axel létust bæði við grunsamlegar aðstæður (árin 1896 og 1898), eftir dauða barnanna fékk Belle greiddar bætur frá tryggingunum. Það hefur aldrei verið sannað að Belle hafi í raun verið líffræðileg móðir barnanna fjögurra, talið er að hjónin hafi tekið börnin að sér þegar foreldrarnir gátu ekki séð um þau. Þau báru einnig ábyrgð á hinni tíu ára gömlu Jenny Olsen, en faðir hennar er talinn hafa verið norskur sjómaður.

Eiginmennirnir létust skyndilega

30. júlí árið 1900 lést Mads einnig

Mottur setja punktinn yfir i-ið á heimilinu.

**Persía er sérdeild innan Parka með stök teppi og mottur.
Við bjóðum upp á sérvalin handhnýtt austurlensk teppi og fjölbreytt úrval af vönduðum vélofnum gervi- og ullarteppum.**

Bjóðum aðeins það besta fyrir þig.

Persía
Parki INTERIORS

VIÐARPARKET • UTANHÚSSKLÆÐNINGAR • VÍNYLPARKET • FLÍSAR • HURÐIR • TEPPI • KERFISLOFT • HARÐPARKET • INNRÉTTINGAR

Parki ehf. • Dalvegi 10-14 • 201 Kópavogi • www.parki.is • parki@parki.is • sími: 595 0570

KYNLÍFSTÆKJAVERSLUNIN HERMOSA.IS:

„Engin þörf á að feika það"

Kynlífstækjaverslunin Hermosa.is er ein hraðast vaxandi vefverslun með hjálpartæki ástarlífsins á Íslandi í dag. Og ekki að ástæðulausu. Ókeypis heimsendingarþjónusta, lágt verð og vel valdar vörur sem hafa sýnt sig og sannað. Hermosa er besta vinkona þeirra sem langar að kynna sér unað kynlífstækjanna á þægilegan, auðveldan og síðast en ekki síst skemmtilegan máta.

Það nennir enginn að skoða 300 dildóa

„Okkar markmið er að það sé einfalt að versla sér kynlífstæki á netinu. Þess vegna er reglan hjá okkur sú að bjóða ekki upp á mikið meira en fjórar tegundir í hverjum vöruflokki fyrir sig. Það nennir enginn að skoða 300 dildóa sem gera mestmegnis nákvæmlega það sama. Frekar höfum við lagst í rannsóknarvinnu til að finna góð kynlífstæki sem eru vinsæl erlendis og hafa á sér gott orðspor," segir Vilhjálmur Þór Gunnarsson, annar stofnenda Hermosa.is.

En hvað er það vinsælasta hjá Íslendingum í dag?

„Langvinsælasta varan fyrir konur eru án efa sogtækin. Tækin veita djúpa og kraftmikla örvun með léttu sogi og titringi. Satisfyer Pro vibration selst mjög vel enda er hér um að ræða algert unaðstryllitæki.

Satisfyer Pro vibration

Einnig vorum við að fá nýja vöru í sama flokki sem kallast Satisfyer luxury. Tækið er hannað með þarfir konunnar í huga ásamt því að vera fallegt og elegant, en það er gert úr leðri, málmi og hágæða sílikoni.

Satisfyer luxury

Vinsælasta græjan fyrir karlana er hins vegar Satisfyer men. Samkvæmt klámmyndastjörnunni Rocco Siffredi veitir þessi múffa óviðjafnanlega fullnægingu. Hún er þröng og aðlagar sig að stærð typpisins. Múffan er gerð úr cyberskin sem minnir á alvöru húð og hitnar auðveldlega. Þetta var mest selda varan fyrir karlmenn þangað til Satisfyer Men Heat Vibration kom á markaðinn.

Rocco Siffredi mælir með Satisfyer men múffunni.

Múffan kemur með hitastillingum sem gerir upplifunina mjög áþekka því að stunda kynlíf. Hægt er að velja mismunandi hitastig eftir því hvað notandanum finnst best. Það vinsælasta fyrir pörin er svo Partner plus með og án fjarstýringu.

Partner plus með fjarstýringu.

Partner Plus er eitt vinsælasta paratækið á markaðnum í dag og hefur unnið fjölda verðlauna. Það virkar í flestum stellingum, veitir báðum aðilum unað og örvar bæði G-blettinn og snípinn. Fjarstýrð kynlífsleikföng eru alger snilld t.d. fyrir pör sem eru í fjarsambandi og vilja halda í nándina. Þá er hægt að leika sér saman þó svo annar aðillinn sé í Hong Kong og hinn sé á Íslandi."

Betra kynlíf, meiri hamingja

„Það kom okkur á óvart hvað karlarnir eru duglegir að fjárfesta í kynlífstækjum handa konunum. Við héldum að konurnar væru langmest í þessu. Það er orðið miklu minna tabú að ræða um kynferðismál og kynlífstæki en var hér áður fyrr og ég held að það sé að skila sér í fullnægðari pörum og einstaklingum og líka hamingjusamara fólki almennt."

„Við ætluðum aldrei að opna kynlífstækjaverslun"

Upphaflega byrjuðu Vilhjálmur og Kristín að flytja inn kynlífstækjadagatöl fyrir ein jólin, en þetta vatt fljótt upp á sig, sérstaklega þegar þau upplifðu verðósamræmið á þessum vörum hér heima. „Það var oft hátt í 50% verðálagning hjá íslenskum heildsölum ofan á það sem varan kostar á Amazon t.d. Við sáum fjótt að við gátum auðveldlega boðið upp á miklu betra verð en aðrir og höfum haft það að sjónarmiði alla tíð síðan. Einnig bjóðum við upp á frían sendingarkostnað burtséð hvað varan kostar. Ef við lítum bara á jóladagatölin sem við seldum í fyrra, þá sést að við spöruðum kaupendum okkar samtals eina milljón króna, þá miðað við það verð sem samkeppnisaðilar buðu upp á. Þetta er gífurlega há upphæð ef við lítum á þá staðreynd að við vorum alveg ný á markaðnum og seldum því ekki neitt rosalegt magn af þessum dagatölum."

Aukaafsláttur fyrir Unaðsklúbbmeðlimi

„Einnig bjóðum við fólki að skrá sig í Unaðsklúbbinn okkar. Meðlimir fá 3000 stig eða punkta fyrir að skrá sig. Einnig fá þeir stig fyrir að kaupa vörur hjá okkur, líka við síðurnar okkar á Facebook og Instagram, deila síðunni með vinum og fleira. Með þessum punktum getur fólk unnið sér inn afslætti og fríar vörur hjá versluninni. Einnig fær fólk afslátt á afmælisdaginn sinn og klúbburinn veitir meðlimum betri skilarétt. Það hefur aldrei verið eins gaman að kaupa sér kynlífstæki. Að okkar mati er ástæðan fyrir því að svona klúbbur borgar sig sú, að ef viðskiptavinur kaupir vörur hjá okkur oftar en einu sinni og deilir góðri reynslu sinni með vinum og vandamönnum, þá erum við að spara okkur kostnað sem hefði farið í auglýsingar og við skilum þeim sparnaði beint til okkar viðskiptavina.

SVAKOM

Við erum ekki að feika það, ég lofa!

„Umsagnirnar frá viðskiptavinum hafa verið fram úr hófi jákvæðar; eiginlega of jákvæðar. Við vorum næstum þakklát þegar einn gaf okkur „bara fjórar stjörnur" af fimm mögulegum því þetta var farið að líta út eins og við værum að „feika" umsagnirnar. Hermosa.is er auk þess með kerfi sem kemur í veg fyrir „feik" umsagnir. En það er ekkert skrítið að fólk sé áncægt að versla við aðila sem hefur hag kúnnans fyrir brjósti. Við bjóðum upp á lægra verð en samkeppnisaðilarnir á sömu vörum, fría heimsendingu og betri skilafrest. Svoleiðis viðskiptahættir geta ekki klikkað," segir Vilhjálmur.

Kíktu við í hermosa.is og skoðaðu úrvalið.

Facebook: **Hermosa.is**

Instagram: **hermosaisland**

La Porte í Indiana-ríki.

„Engin kona er hamingjusamari en ég er nú

„Kvöld eitt þegar Brynhild var á dansleik var hún slegin svo fast í magann að hún missti fóstrið

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ
SÓFADAGAR
MIKIÐ ÚRVAL SVEFNSÓFAR – LEÐURSÓFAR – HORNSÓFAR O.FL.
10–50% afsláttur
20% AFSLÁTTUR
15% AFSLÁTTUR
40% AFSLÁTTUR
Hornsófi hægri eða vinstri Verð nú 199.920 kr.
Malmö hvíldarstóll Verð nú 59.415 kr.
Stockholm hvíldarstóll Verð nú 59.940 kr.
10% AFSLÁTTUR
50% AFSLÁTTUR
50% AFSLÁTTUR
50% AFSLÁTTUR
Verð nú 159.415 kr.
Verð nú 49.950 kr.
Verð nú 34.950 kr.
Verð nú 44.950 kr.
15% AFSLÁTTUR
Verð nú 245.415 kr.
12 mán. VAXTALAUSAR GREIÐSLUR
Svefn & heilsa
vefverslun svefnogheilsa.is
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
Umboðsaðilar: Húsgagnaval | Höfn | Bara snilld ehf. | Egilsstöðum

við grunsamlegar kringumstæður. Í fyrstu var talið að eitrað hefði verið fyrir honum en læknir fjölskyldunnar komst að lokum að þeirri niðurstöðu að hjartasúkdómur hefði dregið hann til dauða. Belle fékk einnig greidda háa peningaupphæð eftir dauða Mads, sem gerði henni kleift að kaupa stórt býli í La Porte í Indiana. Hún flutti þangað með eftirlifandi börnum sínum; Myrtle og Lucy og fósturdótturinni Jenny.

Þann 1. apríl 1902 giftist Belle Norðmanninum Peter Gunness og varð við það Belle Gunness. Peter var ekkill og átti tvær dætur. Önnur þeirra lést skyndilega þegar hún var ein með Belle og áður en leið á löngu lést Peter einnig. Hann fannst í eldhúsinu og hafði verið sleginn fast í hnakkann. Samkvæmt Belle og dætrunum lést hann eftir að hafa fengið hakkavél í höfuðið. Dóttir Peter, Swanhild, var send til frænda síns í Wisconsin og mun hafa verið eina barnið sem lifði Belle.

Árið 1903 tók Belle að sér barn, Philip að nafni. Á sama tíma réð hún Ray Lamphere, einhleypan mann, til að vinna á bænum. Á sama tíma bjó Belle til nýja áætlun, hún birti auglýsingu í blaðinu þar sem hún auglýsti eftir einhleypum norskum mönnum til að búa með henni og börnum hennar á bænum. Þetta tilboð freistaði margra Norðmanna sem höfðu komið til Bandaríkjanna til að freista gæfunnar og margir byrjuðu að skrifast á við ekkjuna.

Sendi ástarbréf til biðils

Eina krafan sem Belle setti fram var að þeir myndu koma til býlisins með peninga saumaða inn í föt sín. Margir Norðmenn komu til býlisins, þar á meðal John Moe, George Anderson, Ole B. Budsberg og Andrew Helgelien. Á býli Helgelien í Suður-Dakóta fannst handskrifað bréf frá Belle til Andrew, dagsett 13. janúar 1908.

„Til besta vinar míns: Engin kona er hamingjusamari en ég er nú. Ég veit að þú þarft að koma til mín til að verða minn. Bréfin þín sýna mér að þú ert maðurinn sem ég vil eignast. Það tekur ekki svo langan tíma að átta sig á því að manni líkar við einhvern og mér líkar best við þig af öllum í heiminum. Ég veit það. Við verðum ein, hvort með öðru – getur þú hugsað þér nokkuð betra? Ég er alltaf að hugsa um þig. Þegar ég heyri nafnið þitt er það þegar elsku börnin tala um þig eða þegar ég heyri sjálfa mig segja það eins, það hljómar eins og tónlist í eyrum mér. Hjarta mitt slær fyrir þig, Andrew minn. Ég elska þig. Búðu þig undir að vera hér að eilífu.“

Þetta hlýtur að hafa hljómað eins og tónlist í eyrum Andrew því hann tók öll sín verðmæti með sér og flutti til Belle og barnanna í La Porte. Þegar þangað kom fór Belle með hann í bankann til að skipta 2900 dollara ávísuninni (sem voru mjög miklir peningar á þessum tíma) sem hann hafði tekið með sér. Hann hvarf svo nokkrum dögum síðar.

Á þessum tíma hafði Belle látið líta út fyrir að hún væri í vandræðum með vinnumanninn, Ray Lamphere, sem á að hafa verið yfir sig ástfanginn af henni og afbrýðisamur út í alla biðlana sem komu til býlisins. Hún var hrædd um að hann myndi brenna býlið og drepa þar með hana og börnin hennar. Hún reyndi að fá réttinn í La Porte til að dæma hann veikan á geði, en honum var sleppt og hann var dæmdur heilbrigður.

Kvenmannslík fannst í brunarústum á býli Belle

En aðfaranótt 28. apríl 1908 gerðist það sem Belle hafði „óttast“, býlið brann og sá eini sem komst lífs af var vinnumaðurinn, Joe Maxon. Í brunarústunum fundust lík barnanna þriggja, Myrtle, Lucy og Philip ásamt höfuðlausu líki kvenmanns. Það var ályktað að þetta væri Belle en þar sem höfuðið fannst aldrei var ekki hægt að færa sönnur á það hver konan var. Eitt var þó víst, þeir sem þekktu Belle voru sannfærðir um að líkið væri ekki af Belle Gunness sem var 183 cm á hæð og vó 90 kíló. Líkið var af mun fíngerðari konu.

Þrátt fyrir þessar efasemdir lýsti lögreglustjórinn Smutzer því yfir að hún hefði látist í brunanum. Ray Lamphere var strax grunaður um íkveikjuna og eftir löng réttarhöld var hann dæmdur fyrir verknaðinn. Hann lést af berklum eftir eitt ár í fangelsi.

Asle Helgelien fékk Smutzer lögreglustjóra og menn hans til að grafa á býlinu, þar sem hann var sannfærður um að líkamsleifar bróður hans væru á býlinu. Vinnumaðurinn sem var ráðinn eftir að Ray var rekinn hafði nefnilega sagt frá því að Belle hefði oft beðið hann um að fylla upp í stórar holur á jörðinni, Belle hafði útskýrt það með því að hún hefði verið að henda rusli.

Fleiri lík finnast á býlinu

Það kom svo í ljós að það var ekki rusl sem hún hafði verið að grafa, lík fjölda manna, kvenna og barna, fundust við uppgröftinn, þar á meðal fósturdóttirin Jenny Olsen, en Belle hafði sagt að Jenny hefði farið til Kaliforníu 1906 til að læra lögfræði. Lík Andrew Helgelien fannst einnig, en bróðir hans, Asle, hafði sett sig í samband við Belle eftir hvarf Andrew, en hún sagðist ekki vita hvar hann væri, hann hefði sennilega farið aftur til Noregs.

Alls fundust líkamsleifar tæplega 40 manns á býlinu, hægt var að bera kennsl á nokkur þeirra en ekki öll. Stóra spurningin eftir þetta allt saman var: Hvar er Belle? Þrátt fyrir að hún hafi verið lýst látin árið 1908 töldu margir sig hafa séð hana eftir það. Ráðgátan um örlög norska raðmorðingjans er enn óleyst. Fólk hefur velt því fyrir sér hvort hún hafi sviðsett andlát sitt og þá hvað hafi orðið af henni. Önnur stór spurning í þessu máli er, hve marga drap hún? Allt bendir til þess að hún hafi drepið börnin sín þrjú og hafi komið höfuðlausa kvenlíkinu fyrir í húsinu fyrir brunann. ■

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Bjóðum sérhæfða þjónustu fyrir íbúðir í skammtímaleigu

Þrif ehf

Þrif ehf. | Lækjasmári 86 | 201 Kópavogur | Sími: 8989 566 | www.þrif.is | thrif@centrum.is

Tímavélin



Trípolibíó
Sími 11182
Draugahúsið
(House on Haunted Hill)

Gamla auglýsingin
Vísir 8. júní 1961

Innlit í líf listmálara



Örlygur Sigurðsson sérhæfði sig í portrettmálun

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

Örlygur Sigurðsson listmálari var alinn upp á Akureyri. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1940 og fór þá til Bandaríkjanna til að stunda myndlistarnám. Lærði hann við Minneapolis School of Art, Choinard School of Art í Los Angeles og Arts Student League í New York. Á eftirstríðsárunum dvaldi hann í Parísarborg. Haustið 1976 leit Jón Ormur Halldórsson, blaðamaður Vísis, við hjá Örlygi og tók við hann gott viðtal í gömlum sveitabæ í Laugardalnum.

„Ég er dauðfeiminn að eðlisfari þó ég sé alltaf með kjaftinn uppi. Það vilja ekki margir trúa þessu en svona er þetta samt. Maðurinn er ekki allur þar sem hann sýnist," sagði Örlygur.

Sveit í borg

Sagðist hann aldrei ætla að flytja úr húsinu, nema þá í böndum. Húsnæðið var ákaflega sérstakt en hlýlegt.

„Þetta hús er utan alls skipulags og það hæfir mér vel. Það hefur aldrei verið mikið skipulag á mínu lífi. Ofskipulagning þrúgar manninn og ég gæti aldrei kunnað vel við mig í neinu af þessum vel skipulögðu borgarhverfum. Þeir reyndu meira að segja að bjóða mér gefins lóð hérna við Sunnuveginn, sem er víst voða fínt hverfi, en ég sagði þeim að ég færi hvergi, ótilneyddur. Ég er búinn að búa hér í 30 ár og til skamms tíma vissi ég ekki hvort þetta hús fengi að standa. Fyrir utan húsið sjálft eru skepnuhús hér á bak við sem ég nota fyrir geymslur. Þetta svæði var ætlað undir eitthvað allt annað en mannabyggð á skipulagi borgarinnar."

Ástandið batnaði þó töluvert eftir að heitt vatn var sett í húsið. Sagði Örlygur það vera það besta sem hann hefði fengið í húsið. En staðsetningin var fullkomin fyrir hann, hann hafði nálægðina við skarkala borgarlífsins en jafnframt kyrrð sveitarinnar. Úrvals aðstæður fyrir listamann.

Til Akureyrar fór Örlygur jafnan einu sinni á ári. Að eigin sögn aðeins til að njóta veðurblíðunnar og skaffa efni í kjaftasögur fyrir bæjarbúa. „Nei, Akureyri er allt of penn bær fyrir mig."

> **Þetta svæði var ætlað undir eitthvað allt annað en mannabyggð á skipulagi borgarinnar.**

Um menntun sína í Bandaríkjunum sagði Örlygur að þangað hafi hann orðið að fara vegna þess að Evrópa var lokuð í stríðinu. Eftir stríð fór hann, eins og flestir listamenn, í „pílagrímsferð" til Parísar.

„Við vorum þarna nokkrir Íslendingar saman. Sumir þessara manna eru núorðið þjóðkunnir listamenn, rithöfundar og málarar. Við lifðum bóhemlífi í París og skemmtum okkur konunglega. Ég þeysti svo suður meginlandið og gerði víðreist."



Portrettmálun
Ýkti og dró fram persónueinkennin.

Skyggndist undir yfirborðið

Örlygur sagðist ekki þekkja neitt annað en að vera málari en eina starfið sem hann hafði annað unnið var á síld á Hjalteyri. Það væri þó erfitt að hafa myndlistina að atvinnu á Íslandi. Tekjurnar væru litlar og stopular en hann ætti þó góða konu sem með dugnaði sínum gerði þetta kleift.

„Ég sakna þess að sumu leyti að hafa lært að mála. Hérna í dentíð lék maður sér eins og barn með léreftið og litina og kunni ekkert að mála, maður var óbundinn og frjáls. Þegar ég kynntist listinni meira fann ég stöðugt meira til vanmáttar míns og mér finnst alltaf erfiðara að mála eftir því sem árin líða og ég kynnist listinni betur" og enn fremur: „Ég mála orðið mest eftir pöntunum, þar sem ég er að mestu leyti í portrettmálun. Þó fæ ég inspírasjón við og við og festi hana á léreftið."

Portrettmálun var einmitt þar sem hæfileikar Örlygs komu best fram. Hann reyndi að skyggnast undir yfirborð persónunnar sem hann málaði og draga karakterinn fram. Hann sagði:

„Maður ýkir ofurlítið sérkenni og reynir að láta manninn sjálfan koma fram. Það hjálpar mér mikið við þetta að ég vann hér áður fyrr við karikatúr. Ég teiknaði skopmyndir af fólki."

Umstang í kringum bókaútgáfu

En Örlygur var ekki aðeins fær listmálari. Hann var einnig þekktur fyrir ritstörf sín sem hann hóf þó ekki fyrr en um fertugt.

„Mér líkaði að mörgu leyti betur við það tjáningarform en myndlistina. Ég sameinaði þessar tvær greinar í bókum mínum með því að myndskreyta þær. Ástæðan fyrir að ég er hættur þessu, í bili að minnsta kosti, er að umstangið í kringum bókaútgáfu átti ekki við mig. Mér leiddust þessar fjármálareddingar í kringum þetta, nú skrifa ég lítið nema einhver nákominn hrökkvi upp af. Þá skrifa ég minningargrein um viðkomandi."

Að hans sögn varð þetta þó til þess að lengja líf nokkurra gamalla frækna hans.

„Mér er sagt að þær séu svo hræddar við að ég skrifi um þær minningargrein að þeim látnum að þær þori ekki að deyja. Það er svo sem ágætt ef maður getur stuðlað að langlífi sinna nánustu," sagði hann kíminn. „Ég held að ég fari ekki út í frekari bókaútgáfu á næstunni. Forlagið mitt, Bókaútgáfan Geðbót, er þó enn við lýði og hefur skrifstofuaðstöðu í Volvonum mínum."

Ekki hrifinn af Svíþjóð

Örlygur var víðförull maður og dvaldi um tíma á Grænlandi með þeim sem hann kallaði „villimenn". Svíþjóð kunni hann þó illa við. Þar væri allt ofskipulagt og þrúgandi og allt svo hreint að það fær ópersónulegt svipmót. Í Svíþjóð væri jöfnuðurinn líka að kæfa allt.

„Svíar keppast um að hneykslast á Ameríkönum og gagnrýna þá fyrir allt sem miður fer í heiminum. Það er nú samt svo að þeir eru meira ameríkaníseraðir en við. Þeir draga mjög dám af Ameríkönum og apa eftir þeim á sviði vísinda og tækni. Tilfellið er, að þeir bera mikla virðingu fyrir Kananum þótt þeir láti svona. Ég tók líka fljótt eftir því að ég fékk miklu betri þjónustu þegar ég sló um mig á ensku en þegar ég reyndi að babla eitthvað á skandinavísku."

Engu að síður vildi Örlygur ekki titla sig sem hægrimann, hann væri frekar óflokksbundinn og laus við alla isma.

Örlygur vann dyggilega að list sinni út lífið og hélt fjölda sýninga. Einna þekktastur var hann fyrir að hafa gefið sínum gamla skóla, Menntaskólanum á Akureyri, hvalbein. Hefur það verið á skrifstofu skólameistara og er eitt af táknum skólans. Örlygur lést árið 2002. ■

SÆTOPPUR



LÓNSBRAUT 6 • 220 HAFNARFIRÐI • SÍMI 551 7170 • SAETOPPUR.IS

Listin að eldast vel

Hvað á að gera og hvað ekki til að hægja á einkennum öldrunar

Allir eldast með hverju árinu, hverjum deginum og hverri sekúndunni. En það er hægt að hægja á einkennum öldrunar með því að tileinka sér rétt líferni. Öldrun fylgir ekki aðeins hrörlegra útlit heldur alvarleg heilsufarsvandamál. Finna má góð ráð til þess að hægja á öldrun á vef læknisins Kellyann Petrucci sem hefur sérhæft sig í því.

Borðaðu heilsusamlegt og lífrænt fæði

Matur er mikilvægasti þátturinn í lífi okkar allra og það er ekki sama hvað við setjum ofan í okkur. Unninn matur er einn mesti vágestur samtímans. Í honum er lítið af næringarefnum en sægur af hvítum sykri, slæmum fituolíum, litarefnum, skordýraeitri og fleiri óæskilegum efnum.

Þessi efni hafa mjög slæm áhrif á heilsuna til lengri tíma. Þau stytta litningsenda erfðaefnisins og skemma frumur í húð, heila, sinum svo að dæmi séu tekin.

Til að hægja á einkennum öldrunar er mælst til þess að fólk borði mikið af litríku grænmeti af öllum gerðum. Einnig ávexti og hnetur sem innihalda heilsusamlegar fituolíur og ólífuolíu. Ef kjöt er lagt sér til munns skal það aðeins vera af dýrum sem eru grasbítar og svo kjúklingur.

Ofneysla áfengis er vitaskuld skaðleg til lengri tíma og veikir lifrina. Haltu þig við eitt glas af léttvíni á dag.

Kollagen er besta næringarefnið gegn öldrun því það styrkir húðina, hárið, neglur, bein og liði. Ef fólk innbyrðir nóg af kollageni verður öll hreyfing í ellinni auðveldari og auk þess hamlar það hrukkumyndun. Hægt er að fá kollagen í púðurformi en besta náttúrulega leiðin til að innbyrða kollagen er að drekka beinaseyði.

Hreyfðu þig á hverjum degi

Nýjar vöðva- og beinfrumur myndast aðeins ef maður hreyfir sig reglulega. Án hreyfingar hrörna vöðvarnir og bein langtum hraðar en annars.

En hreyfing hefur ekki aðeins áhrif á bein og vöðva heldur minnkar hún ýmsar bólgur sem fylgja öldrun. Þetta er stærra mál en það hljómar því þetta minnkar líkurnar á ýmsum sjúkdómum, til dæmis hjartasjúkdómum, sykursýki og krabbameini.

Er þá eina leiðin til að eldast ekki að púla endalaust í ræktinni eða skokka klukkutímum saman? Nei, alls ekki. Mikil átök í stuttan tíma, kannski ekki nema tíu mínútur á hverjum degi, gera meira til að hægja á áhrifum öldrunar. En auðvitað hjálpar öll hreyfing, hvort sem það eru göngutúrar, íþróttir eða jafnvel aðeins að taka til hendinni í garðinum.

> **Mikil átök í stuttan tíma, kannski ekki nema tíu mínútur á hverjum degi, gera meira til að hægja á áhrifum öldrunar**

Varaðu þig á eiturefnum

Hér gildir það sama og um mataræðið. Eiturefni hafa skaðleg áhrif á heilsuna til langs tíma og áhrifin koma oft fram á síðustu árum ævinnar. Þessi eiturefni geta verið hvar sem er í umhverfinu.

Besta ráðið er það sama og allir læknar gefa: Hættu að reykja. Við vitum öll hvaða áhrif tóbaksreykur hefur á heilsuna og það er óþarfi að tíunda það hér.

Plast er meinsemd, ekki aðeins fyrir umhverfið heldur líkamann líka og plastagnir geta læðst inn í líkamann á ýmsa vegu. Besta leiðin til að koma í veg fyrir að innbyrða plastagnir er að hætta að drekka úr plastflöskum og plastmálum. Nota frekar ílát úr ryðfríu stáli.

Ál er einnig slæmt fyrir heilsuna og hefur verið tengt við þróun Alzheimers-sjúkdómsins. Því skal hvorki nota álpappír við matseld né drekka úr áldósum.

Óæskileg efni geta verið í snyrtivörum og kremum. Oftast eru slæmu efnin í vörum sem hafa lykt en þær góðu lyktarlausar.

Ein besta leiðin til að losa líkamann við eiturefni er að fasta en þá til skamms tíma í senn. Ein aðferð til að gera þetta er að sleppa mat tvo daga í viku. Á þeim dögum er samt heimilt að drekka te, kaffi, beinaseyði og vatn að sjálfsögðu. Önnur aðferð er að lengja tímann milli máltíða í sjö eða átta klukkutíma. Hvað varðar máltíðirnar sjálfar ber að hafa þau ráð sem gefin voru fyrr í greininni. ■

PON er umboðsaðili

JUNGHEINRICH

Hillulyftari

Þrönggangalyftari

Dráttartæki

Staflari

Tínslutæki

Dráttartæki

Dísellyftari

Rafmagnslyftari

Brettatjakkur

Rafmagnsbrettatjakkur

Við bjóðum alla Jungheinrich eigendur velkomna!

PON Pétur O. Nikulásson ehf. | Melabraut 21, 220 Hafnarfjörður | Sími: 580 0110 | **pon.is**

PON
GÆÐI OG ÞJÓNUSTA

Karítas myndaði hæ

Hælisleitendur lýstu vonleysi, þunglyndi og einangrun ■ Upplifa sig gleymda o

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is


Karítas Sigvaldadóttir.

KAJASIGVALDA

Fólk skilur oft ekki frá hvaða aðstæðum þetta fólk er að flýja og hvað blasir við þeim ef þeim er skipað að snúa til baka. Þetta er spurning um líf eða dauða," segir Karítas Sigvaldadóttir, mannfræðingur og ljósmyndari, en hún myndaði hælisleitendur á Ásbrú og fékk að heyra sögur þeirra í tengslum við lokaverkefni sitt úr Ljósmyndaskólanum.

Einsleitur fréttaflutningur af hælisleitendum

„Ég útskrifaðist með BA-gráðu úr mannfræði í fyrra en ég hef alltaf haft mjög mikinn áhuga á málefnum minnihlutahópa," segir Karítas aðspurð um hver kveikjan hafi verið að verkefninu. Hún segir fréttaflutning af málefnum hælisleitenda oft vera frekar einsleitan. „Það hefur lítið verið greint frá því hvernig ástandið er raunverulega hjá þessu fólki. Hvað þau hafa gengið í gegnum og hvað þau eru að upplifa. Mig langaði að veita innsýn inn í þeirra upplifun og líðan."

Karítas byrjaði á því að hafa samband við hælisleitendur sem höfðu áður verið í viðtölum við fjölmiðla og komst þá í kynni við Ali Alameri og Milad Waskout frá Írak. Hún mætti síðan upp á Ásbrú til að fá viðtöl við fólk en það reyndist erfitt í fyrstu.

„Margir voru tortyggnir og spurðu til dæmis hvort ég væri blaðakona. Þá voru sumir þeirra hræddir um að hægt yrði að rekja upplýsingarnar til þeirra og að stjórnvöld myndu nota það gegn þeim. Það var eiginlega ekki fyrr en ég kynntist Ali að boltinn fór að rúlla. Hann var alveg yndislegur, hann hafði samband við fólk fyrir mig og var síðan túlkur," segir Karítas. Ali var vísað úr landi í síðustu viku, í flóttamannabúðir í Grikklandi.

> Þau eru þarna í marga mánuði að gera ekki neitt

Lýstu hræðilegum aðstæðum

Karlmenn sem koma einir til landsins dvelja saman í húsnæði að Ásbrú þar sem óviðkomandi er bannaður aðgangur og öryggisverðir beina fólki burt. Karítas þurfti því að hitta mennina fyrir utan húsið, á kaffihúsum eða úti í bíl. Hún ræddi við hátt í 30 manns í tengslum við verkefnið. Sumir af þeim voru búnir að dvelja á Ásbrú í nærri því heilt ár.

„Sumir deildu mjög litlu með mér, aðrir voru opnari. Sumir höfðu fengið höfnun við umsókn sinni um hæli og voru að bíða eftir niðurstöðu úr áfrýjun, aðrir voru að bíða eftir fyrsta svarinu. Það er rétt hægt að ímynda sér hvernig það er að reyna að byggja upp líf og mynda tengsl hér á landi og vera svo sendur út í óvissuna og jafnvel dauðann," segir Karítas en titill verkefnisins er Banvæn brottvísun.


KAJASIGVALDA

Fjölskyldur á Ásbrú búa í íbúðum í öðru húsnæði. Auk karlmannanna ræddi Karítas við þrjár barnafjölskyldur.

„Þau tóku mér ofboðslega vel, voru yndisleg og gestrisin og buðu mig velkomna. En það var átakanlegt að heyra sögur þeirra og sjá myndir af aðstæðunum sem þau höfðu búið við."

Ein fjölskyldan samanstóð af hjónum og tveimur ungum börnum en elsti sonur þeirra hafði verið myrtur af talíbönum sem síðan hótuðu að myrða alla fjölskylduna. Fjölskyldan þurfti því að leggja á flótta.

„Eiginkonan vildi ekki láta taka mynd af sér og eiginmaðurinn vildi ekki að andlit hans myndi þekkjast á myndinni vegna þess að hann vildi ekki að neinn vissi af því að þau væru á Íslandi. Þau lýstu meðal annars hræðilegum aðstæðum í Grikklandi. Börnin þurftu að flakka á milli tjaldbúða og jafnvel sofa á götunni. Þau urðu líka vitni að miklu ofbeldi og eiturlyfjanotkun."

Aðstæður fjölskyldufólksins eru að sögn Karítasar afar fábrotnar og lítið sem minnir á heimili. Engar bækur, listaverk eða skreytingar á veggjum; lítið er um afþreyingu og hjá einni fjölskyldunni var sjónvarpið bilað. Þá voru nær engin leikföng fyrir börnin. Hún segir hælisleitendur upplifa að þeir séu

PINNAMATUR
VEISLUR ERU OKKAR LIST!
BJÓÐUM UPPÁ FJÖLDA TEGUNDA PINNAMATS OG TAPASRÉTTA

AFGREITT Á EINNOTA FÖTUM, TILBÚIÐ FYRIR VEISLUNA
HRINGDU OG PANTAÐU Í SÍMA 555 1810
Veislulist
HÓLSHRAUN 3, 220 HAFNARFJÖRÐUR / S 555 18 10 OG 565 1810 / VEISLULIST@VEISLULIST.IS / VEISLULIST.IS

elisleitendur á Ásbrú

og afskiptalausa í kerfinu

KAJASIGVALDA

KAJASIGVALDA

KAJASIGVALDA

„Það er að mörgu leyti búið að afmennska þennan hóp

gleymdir í kerfinu. Fólk sé vissulega þakklátt fyrir að hafa húsnæði og að geta eldað en þau upplifi gríðarlega einangrun. Aðstæðurnar minni um margt á fangelsi.

„Það er dýrt að taka strætó til Reykjavíkur þegar þú ert að lifa á 7 til 8 þúsund krónum á viku. Þannig að þau eru þarna í marga mánuði að gera ekki neitt. Börnin geta heldur ekki farið í skóla á meðan þau eru að bíða.“

Leyfa sér ekki að dreyma

Karítas segir flesta hælisleitendur upplifa gríðarlegt vonleysi. „Sérstaklega karlmennirnir. Þeir eru orðnir svo vanir því að einhver í húsinu sé vakinn upp um miðja nótt og sendur úr landi. Þeir eru allir að reyna eins og þeir geta að halda í vonina.“

Karítas segist ekki hafa orðið vör við að fólkið hafi upplifað fordóma hér á landi. „Viðhorfið þeirra var frekar þannig að Íslendingar væru mjög opnir og hlýlegir. Gagnrýnin beinist að stjórnvöldum, að það sé verið að framfylgja Dyflinnarreglugerðinni og halda mönnum í einangrun á meðan.“

Einn af karlmönnunum sem Karítas ræddi við á sér þann draum heitastan að fá atvinnuleyfi á Íslandi og verða leikskólakennari. „Það er mikilvægt að hafa í huga að hælisleitendur eru fyrst og fremst fólk, ólíkir einstaklingar með ólíkar þarfir og væntingar. Sumir eru með stóra drauma varðandi framtíðina en aðrir leyfa sér það ekki, fyrir þeim er nóg í bili að hafa stað að búa á.“

Meirihluti einstaklinganna sem Karítas ræddi við voru haldnir áfallastreituröskun og margir að glíma við þunglyndi og kvíða. „Einn þeirra sagði við mig að hann væri að berjast við mikið þunglyndi og að honum liði margfalt verr með því að vera einangraður á þennan hátt. Þegar ég spurði einn úr hópnum af hverju hann hefði flúið heimalandið þá svaraði hann: „Ég man það ekki.“ Hann treysti sér ekki einu sinni í að rifja það upp.“

Viðbrögðin við verkefninu létu ekki á sér standa á útskriftarsýningu Ljósmyndaskólans. „Það voru margir sem sögðu mér eftir á að þau hefðu ekki gert sér grein fyrir hversu alvarleg staðan væri hjá þessum hópi,“ segir Karítas en hún segist vel geta hugsað sér að fara lengra með verkefnið og jafnvel nýta þá aðra miðla.

„Það er að mörgu leyti búið að afmennska þennan hóp og þess vegna er svo auðvelt að ráðast gegn þeim. Við verðum að hafa í huga að þetta eru manneskjur og þau eiga rétt á öruggu lífi í öruggu umhverfi eins og við öll.“ ■

Helgarkrossgátan



Teikning: Halldór Andri eftirprentun bönnuð

krossgátugerð: Bjarni sími: 845 2510

föturnar | eldsneyti | hamslaus | tröllið | álpast

hjartfólgna | 2

riðin / keyri

farartæki | stefna / toll

hátíð | vana

binda | skáld / sleikir | api

bareflin

6 | glíma / þoka | 9

dinglan | áverki / sund

stíf | áhrærir / skanka | 10

terta | varðandi | storm

átti | eins um a / elska | 4 | strolla / agnúast

knöppu | ym | misræmi

3 eins | autt / hrjáir | röð | gáskinn

tæpa / 2 eins | margmenni

skund | róa / fugl | 7

svifryk | galgopi | geimvera / fiskar | áttund | sumbl

8 | sturlaðar / tvístig | afkvæmi / óttast

5

gári | 3 | stíl / saumar | deig / skanka

spyrja / kvendýrið | tjúlluð / veggur

tötrar / loftop | sáðland | einblína | spriklar

gráða | kvendýr | líffæri / slæm

líðandi stund | líkamshluti / 2 eins | síli / 2 eins

einar til | fuglinn

gabb | drollar | 1

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10

Sudoku

Auðveld

9	3				2		7	
			5	1		4		9
8	4						2	
1		3			4	5		
2		7		3		6		8
	8							7
	9		8	2	1		5	
			4	9	5			1
		2						

Erfið

2	4							9
	1	7		6		2		
			7		4		1	
		1			9	7		2
3	6					8	9	
		8						
		5		1	2			
9			8	4				5

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.
Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið
krossgata@dv.is

FORLAGIÐ



Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

Inga Dóra Konráðsdóttir,
Túngata 42,
101 - R.

Lausnarorðið var **KERTASNÍKIR.**

Inga Dóra hlýtur að launum bókina Morðið í Snorralaug: Stella Blómkvist #10

Í verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins er bókin Múttan

Hvað gerir 53 ára gömul ekkja sem á engin eftirlaunaréttindi? Hún hellir sér að sjálfsögðu beint út í glæpastarfsemi.

Patience Portefeux á tvær dætur í háskólanámi og aldraða móður á elliheimili. Lúsarlaunin sem hún fær sem túlkur hjá dómsmálaráðuneytinu duga fjölskyldunni engan veginn og útséð um að nokkuð sé hægt að leggja fyrir til efri áranna. En dag einn kemst hún á snoðir um yfirgefna hasssendingu og þá stígur hin harðsvíraða glæpadrottning Mútta fram á sjónarsviðið.

Múttan er flugbeitt og meinfyndin glæpasaga sem bregður upp litríkri en nöturlegri mynd af ýmsum skúmaskotum fransks samfélags.

Hannelore Cayre er rithöfundur, leikstjóri, handritshöfundur og refsiréttarlögmaður. Múttan er fimmta bók hennar og hlaut árið 2017 bæði hin virtu glæpasagnaverðlaun Grand Prix de littérature policière og Prix Le Point du polar européen.

Höfundar: Hannelore Cayre, Hrafnhildur Guðmundsd. þýddi

GUFUSLÉTTIR
ALGJÖR SNILLD

33%

VERÐ ÁÐUR.....5.995
TILBOÐ 3.995

REVLON **BLÁSTURSBURSTI**

25%

Með jónatækni

VERÐ ÁÐUR...7.995
TILBOÐ 5.995

SLÉTTUBURSTI ARTIST PRO

30%

OBH NORDICA

VERÐ ÁÐUR....9.995
TILBOÐ 6.995

HELGARSPRENGJA
ALLT AÐ 50% AFSL.

50%

REVLON
SLÉTTIJÁRN

Með tösku og hárklemmum

VERÐ ÁÐUR...8.995
TILBOÐ 4.495

TEFAL FERÐAKRÚS

50%

0,36L
SVÖRT

VERÐ ÁÐUR...2.995
TILBOÐ 1.495

byggtogbúið

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

50%

TEFAL
PÖNNU-
KÖKUPANNA
PANDA

VERÐ ÁÐUR...6.995
TILBOÐ 3.495

WUSTHOF
HNÍFASETT
7 stk sett með hnífum og skærum

33%

VERÐ ÁÐUR...29.995
TILBOÐ 19.995

REVLON
HÁRBLÁSARI
360 SURROUND

40%

Allt að 60% fljótari
að blása hárið

VERÐ ÁÐUR...14.995
TILBOÐ 8.995

°SensoRed®
SensoRed Panna

33%

28cm

VERÐ ÁÐUR..14.995
TILBOÐ 9.995

OHB NORDICA
SMOOTHIE
TWISTER

25%

VERÐ ÁÐUR.....7.995
TILBOÐ 5.995

BODUM ePEPO
KAFFIVÉL

40%

VERÐ ÁÐUR...49.995
TILBOÐ 29.995

OHB NORDICA
KAFFIVÉL
Café Inox

30%

VERÐ ÁÐUR.....9.995
TILBOÐ 6.995

TEFAL SIMPLEO **POTTASETT**

50%

VERÐ ÁÐUR...19.995
TILBOÐ 9.995

KitchenAid
BLANDARI

24%

SVARTUR

VERÐ ÁÐUR... 32.995
TILBOÐ 24.995

DELONGHI
MAGNIFICA
PRONTO
ESPRESSO
KAFFIVÉL

ÞÚ SPARAR
15.000

VERÐ ÁÐUR...84.995
TILBOÐ 69.995

Hce hó jibbi jei. Það er kominn...

17. júní

17. JÚNÍ Á AKUREYRI!

Kl. 13-13.50: Hátíðardagskrá í Lystigarðinum
Lúðrasveit Akureyrar. Stjórnandi: Sóley Björk Einarsdóttir.
Fánahylling og hugvekja. Séra Jóhanna Gísladóttir.
Kvennakór Akureyrar. Stjórnandi: Petra Björk Pálsdóttir.
Ljóðalestur: Anna Kristín Helgadóttir ungskáld.
Hátíðarávarp: Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri.
Óli Trausta syngur og leikur af fingrum fram.

Kl. 14: Skrúðganga frá Lystigarðinum að Ráðhústorgi
Lögregla, Lúðrasveit Akureyrar og Skátafélagið
Klakkur leiða gönguna.

Kl. 11 og 17: Leikhópurinn Lotta í Lystigarðinum.
Miðaverð 2.500 kr. Ekki þarf að panta miða.

Kl. 14-16: Fjölskyldu- og hátíðardagskrá á Ráðhústorgi
Leikhópurinn Lotta kynnir hátíðardagskrána
Lýðveldiskakan í boði fyrir alla
Fjallkonan
Nýstúdent
DayDream
Danshópurin Steps
Embla Sól
Anton Líni
Skátatívolí frá kl. 14-17

Kl. 21-24: Kvölddagskrá á Ráðhústorgi
Særún Elma
Embla Björk
Dana Ýr
Tumi
Birkir Blær
Vandræðaskáld
Hvanndalsbræður

Kl. 23.30: Marsering nýstúdenta frá Menntaskólanum á Akureyri

17. JÚNÍ Í REYKJAVÍK

75 metra lýðveldiskaka á 17. júní í Reykjavík
Sérstakur hátíðablær verður á hátíðahöldunum í Reykjavík á þjóðhátíðadaginn 17. júní nk. í tilefni af 75 ára afmæli lýðveldisins. Landssamband bakarameistara hefur hannað sérstaka Lýðveldisköku í samstarfi við forsætisráðuneytið. Boðið verður upp á kökuna klukkan 13:30 í Sóleyjargötu við Hljómskálann. Þess má geta að kakan er jafn löng og Hallgrímskirkjuturn er hár.

Hátíðardagskrá á vegum Alþingis og forsætisráðuneytisins hefst á Austurvelli klukkan 11.00. Forseti Íslands leggur blómsveig að styttu Jóns Sigurðssonar á Austurvelli, Hamrahlíðar kórinn syngur nokkur lög og Fjallkonan flytur ávarp. Að lokinni athöfn á Austurvelli verður gengið fylktu liði að kirkjugarðinum við Suðurgötu þar sem Dóra Björt Guðjónsdóttir, forseti borgarstjórnar, leggur blómsveig á leiði Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur

Kl 11:00 Hátíðarstund á Austurvelli
kl 11:40 Skrúðganga frá Austurvelli upp í Hólavallakirkjugarð

Kl 13:00 Skrúðganga frá Hallgrímskirkju niður Skólavörðustíg í Hljómskálagarðinn.
Kl 13:00 Skrúðganga frá Hagatorgi í Hljómskálagarðinn

Fjölskylduskemmtun í Hljómskálagarðinum frá 13:00 -17:00
Skátarnir verða með leiktæki fyrir gesti og er frítt í tækin.
Boðið verður upp á sýningu og kennslu í kvistbolta eða Quidditch sem margir þekkja úr sögunum og kvikmyndunum um Harry Potter. Þá munu kraftakonur keppa um titilinn Stálkona Íslands, Sirkus Íslands heldur sýningar , Stangveiðifélag Íslands kennir flugukast og boðið verður upp á hestasýningar, Brúðubíllinn sýnir og sápúkúlublásara og víkingar verða á vappi.

Stórtónleikar í Hljómskálagarði frá kl 14:00-17:00
Fram koma Emmsjé Gauti og Aron Can, Bríet, GDRN, Herra Hnetursmjör og Huginn og Friðrik Dór. Á milli tónlistaratriða verður sýning frá Danskóla Birnu Björns, DWC og Dans Brynju Péturs.
Kynnir: Margrét Erla Maack

Þá mun Alþingi, Stjórnarráðið, Héraðsdómur, Hæstiréttur og fleiri stofnanir verða opnar almenningi frá kl. 14.00 til 18.00

Skemmtidagskrá í Ráðhúsi Reykjavíkur
14:30:-14:50 Háskóladansinn
15:00-15:20 Amerískur Ungmennakór
15:30-17:00 Harmonikkuball

Sjá nánar á 17juni.is

Ritdómur um Dyr opnast:

Skrifað inn í áreitið og út úr því

Bækur
Ágúst Borgþór Sverrisson
agustb@dv.is

Dyr opnast

★★★★½

Höfundur: Hermann Stefánsson
Útgefandi: Sæmundur
195 bls.
Smásagnasafn

Fyrir 20 árum hefði ég getað sagt að nútímamaðurinn yrði fyrir mörgu og margvíslegu áreiti. Líklega hefði ég getað sagt það sama fyrir 30, jafnvel 40 árum, og fólk hefði kinkað kolli. En áreiti samfélagsmiðla og snjallsímaforrita samtímans, margbreytileiki og hraði samfélagsumræðunnar, falsfréttir og raunfréttir, heiftarleg pólarísering, rafræn fjandsemi og ofstopi, endalaus skrásetning daglegrar tilveru – þetta og fleira til hefur gert tilveru margra nútímamanna að lífi undir stanslausu áreiti sem ekki er sambærilegt við nýliðna fortíð.

Sumir hafa fengið nóg og aftengt sig netheimum. Rithöfundar loka Facebook-reikningnum sínum, dusta rykið af gömlu ritvélinni, hreiðra um sig í bókaherbergi með gömlum skræðum, tékka kannski á tölvupósti einu sinni í viku en láta netið annars í friði. Fjölskyldufólk fer í sumarbústaðinn og skilur snjallsímana eftir heima. Tengir sig við náttúruna og spreytir sig á uppbyggilegum samræðum – í eina helgi – ja, eða að minnsta kosti í nokkrar klukkustundir.

Sumir vilja losa sig úr netheimum og tengja sig aftur við „raunveruleikann“. En það er ekki lausn. Því hvað er raunveruleiki? Raunveruleikinn og lífið sjálft er að sjálfsögðu líka á netinu og samfélagsmiðlunum, þar er lífi okkar líka lifað.

Nýtt smásagnasafn eftir Hermann Stefánsson, Dyr opnast, er bók sem má nálgast á margan hátt. Ég upplifi hana sem vel heppnaða tilraun til að takast við þennan ofannefnda nýja veruleika. Hún gerir það á vissan hátt með því að vera „eins og“ þessi veruleiki: óendanlega margbreytileg, stútfull af áreiti sem þó ekki ærir mann né rænir sálarrónni heldur er róandi og sefandi. Þessar tæplega tvö hundruð blaðsíður af stuttum sögum, athugunum og pælingum er merkileg og margbrotin kvika. Sögurnar eru afar ófyrirsjáanlegar, sumar einkennast af heimspekilegri nálgun, aðrar eru í senn gróteskar og afskaplega fyndnar.

Það virðist betra og skemmtilegra að lesa bókina frá upphafi til enda en að tína út eina og eina sögu. Lesandinn fær tilfinningu fyrir heild sem hver getur túlkað

með sínum hætti. Upphafssagan er titilsagan Dyr opnast og fjallar um dreng sem virðist ekki vera til og sagan vekur skemmtilegar spurningar um eðli tilvistarinnar. Lokasagan heitir Dyr liggja norður og er fantasía sem býður upp á flótta úr okkar menningarheimi ofgnóttarinnar, tækninnar og áreitisins og inn í menningu 18. aldar. Víða fær lesandinn tilfinningu fyrir einhvers konar samhengi eða samfellu. Það er til dæmis væntanlega engin tilviljun að sögurnar Óumflýjanlega, Póstsending og Vitaverðir rjúfa þögnina, eru hver á eftir annarri. Sú fyrstnefnda minnir á gamanþættina Klovn og lýsir óendanlega seinheppnum manni sem er við það að verða sterklega grunaður um barnaníð, alsaklaus. Póstsending lýsir hins vegar siðblindu hugarfari raunverulegs barnaníðings. Vitaverðir rjúfa þögnina hefur hins vegar vakið áhuga æsifréttamanna því túlka má hana sem hæðnisádeilu á #metoo byltinguna, sem hún vissulega er, en að lesa hana í samhengi allrar bókarinnar er samt öðruvísi en að lesa hana eina og þá virðist hún ekki eins ögrandi, vegna þess að tónninn í allri bókinni er svo fullkomlega laus við skoðanir, eða siðferðismat. Engu er hlíft án þess að þó að reynt sé að gera sér far um að hjóla í einhverja. Tónn bókarinnar virkar blindur á móðgunargirni, en kannar, gaumgæfir, lýsir og afhjúpar án tillitssemi, án þess að vita hvað tillitssemi er.

Dyr opnast er afskaplega skemmtileg upplifun fyrir lesanda með opinn huga. Djúp, margræð og margbrotin, bráðfyndin og flugbeitt. Bók sem er skrifuð beint inn í okkar skrýtna og margbrotna samtíma og tekst á við hann á fádæma frumlegan hátt. ■

Ritdómur um Þar sem ekkert ógnar þér:

Stíllinn betri en sagan

Bækur
Ágúst Borgþór Sverrisson
agustb@dv.is

Þar sem ekkert ógnar þér

★★★☆☆

Höfundur: Simone van der Vlugt:
Útgefandi: Veröld
214 bls.
Spennusaga

Aðalpersónur spennusögunnar Þar sem ekkert ógnar þér eru tvær konur sem þekkjast ekki. Önnur er fangi á heimili sínu ásamt veikri dóttur sinni þar sem stórhættulegur morðingi á flótta undan lögreglu heldur þeim í gíslingu. Hin konan lendir í slysi og missir við það minnið, þ.e. minni í kringum það atvik. Rétt áður en hún lenti í slysinu varð hún áskynja um ástandið á heimili konunnar sem haldið er í gíslingu.

Höfundur sögunnar, Simone van de Vlugt, er í káputexta sögð vera þekktasti glæpasagnahöfundur Hollands. Athygli þessa lesanda vekur hvað höfundur hefur góðan stíl auk þess sem þýðandinn, Ragna Sigurðardóttir, hlýtur þar með að fá hrós fyrir að skila frá sér afskaplega liprum, hitmiðuðum og lifandi texta. Vlugt hefur sálrænt innsæi á pari við prísaðar fagurbókmenntir og lýsing hennar á umbreytingu konunnar sem lendir í slysinu við það áfall er afskaplega næm og viturleg. Sem spennusaga er bókin hins vegar ekki nægilega áhugaverð. Hún er fyrirsjáanleg og endirinn minnir á blóðuga og slappa B-mynd. Sagan er þó vissulega spennandi og aldrei leiðinleg aflestrar en af einhverjum ástæðum er söguþráðurinn á mun lægra plani en ritstíllinn.

Þessu mati skal þó tekið með þeim fyrirvara að þetta er ein vinsælasta bók höfundar og hefur unnið til ýmissa verðlauna og viðurkenninga. En sínum augum lítur hver á silfrið. ■

Getur þú hugsað þér
daglegt líf án rafmagns?



Í tæknivæddu samfélagi nútímans er erfitt að hugsa sér daglegt líf án rafmagns, svo samofið er það öllu sem við tökum okkur fyrir hendur. RARIK rekur umfangsmesta rafdreifikerfi á Íslandi sem nær til 90% af sveitum landsins og til 43 þéttbýliskjarna. Lengd dreifikerfisins er 9.000 km og þar af eru 62% jarðstrengir.

www.rarik.is

RARIK

DV
14. júní 2019
24. tölublað | 109. árgangur | Leiðbeinandi verð 995 kr.
dv.is/frettaskot | askrift@dv.is | Sími 512 7000
5 690710 111124

Jónsmessugleði Grósku haldin í Garðabæ

Í ellefta skiptið verður Jónsmessugleði myndlistarfélagsins Grósku haldin í Garðabæ, fimmtudaginn 20. júní, í samstarfi við Garðabæ. Viðburðurinn er orðinn fasti í menningarlífi bæjarins og má segja að bæjarbúar bíði í ofvæni. Listamenn úr félaginu munu sýna verk sín en auk þess verða gestalistamenn frá Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi og Blönduósi á sýningunni.

Að þessu sinni ber sýningin yfirskriftina „Þræðir“ og verður það þema sýningarinnar. Verkin verða af ýmsum toga, málverk á striga, innsetningar og fleiri tegundir af list.

Jónsmessugleðin er umfangsmesti viðburðurinn sem Gróska stendur fyrir á almanaksárinu en þann 22. maí hlaut félagið viðurkenningu á Menningaruppskeruhátíð Garðabæjar í Sveinatungu fyrir merkt framlag til menningar og lista. Formaðurinn, Laufey Jensdóttir, tók við viðurkenningunni og Gróskufélagar fjölmenntu þangað og stóðu fyrir gjörningi og örmyndlistarsýningu. Einkunnarorðin eru: gefum, gleðjum og njótum.

Gróska hefur staðið fyrir ýmsum öðrum viðburðum, þar á meðal sumarsýningu á Garðatorgi, dagana 25. apríl til 2. maí.

Að venju verður Jónsmessugleðin haldin við Strandstíginn í Sjálandshverfi. En einnig teygir dagskráin sig á aðra staði. Þar á meðal Jónshús þar sem eldri borgarar verða með málverkasýningar og í Skapandi sumarstarf, þar sem ungir listamenn verða með atriði. Opið verður 19.30 til 22.00. Garðbæingar, jafnt sem aðrir, eru hvattir til að fjölmenna á staðinn og njóta listarinnar.

Fallegt verk Ein af fjölmörgum afurðum Grósku.

Fyrsta lag Óróa

Tvíeykið Órói hefur gefið út sitt fyrsta lag sem ber nafnið Fley. Það er baráttusöngur landnámskonunnar Auðar djúpúðgu. Auður fékk nóg af stormasömu hjónabandi í Noregi og lét því smíða fyrir sig knörr úti í skógi á laun. Hún fyllti knörrin af mannskap og búfénaði og sigldi til Íslands.

Samkvæmt hljómsveitinni fjallar texti lagsins um þær samfélagslegu og andlegu hindranir sem allir þurfa að ganga í gegnum á lífsleiðinni.

Óróa skipa þau Sædís Harpa Stefánsdóttir og Elvar Bragi Kristjónsson. Þau eiga bæði ættir að rekja til Hornafjarðar en landnám Auðar var í Dölunum við Breiðafjörð. Þau segja að fleiri lög séu væntanleg og stefnt sé að því að gefa út smáskífu í haust.

Sindri gerði það gott í Uppsölum

Sindri Magnússon gerði það gott á Norðurlandameistaramótinu í fjölþrautum sem fram fór í Uppsala í Svíþjóð fyrir skemmstu. Vann hann þar bronsverðlaun í tugþraut í flokki 20 til 22 ára.

Þrír íslenskir keppendur kepptu í flokknum og voru allir nálægt því að hreppa verðlaun. Fyrir lokagreinina, 1500 metra hlaupið, voru Sindri og Ari Sigþór Eiríksson næstum jafnir. En Sindri vann þá grein og hljóp á 4:41,55 mínútum sem er hans besti árangur. Tryggði hann sér þar með bronsið með 6.183 stig í heildina.

Egg klætt leðri er á sérstöku tilboðsverði*

Tveir sérfræðingar verða í verslun okkar 13. - 15. júní

FRITZ HANSEN
Montana
Skeifan 6 / 5687733 / www.epal.is

epal

*Egg leður wild/extreme